# ÁRSSKÝRSLA HSH
# 2017




## Héraðsþing HSH

Grundarfirði 16. apríl 2018

# Ársskýrsla HSH 2017

78. Héraðsþing HSH

Haldið mánudaginn 16. apríl 2018 kl. 18:00

í Samkomuhúsinu, Grundarfirði

**Dagskrá:**

1. **Þingsetning**
2. **Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara**
3. **Skipun kjörbréfanefndar**
4. **Skýrsla stjórnar**
5. **Lagðir fram endurskoðaðir reikningar**
6. **Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til Samþykktar**
7. **Kosning nefnda þingsins:**
   - **a) Fjárhagsnefnd**
   - **b) Íþróttanefnd**
   - **c) Allsherjar- og laganefnd.**
8. **Ávörp gesta**
9. **Fjárhagsáætlun lögð fram**
10. **Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda**
11. **Nefndarstörf**
12. **Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur**
13. **Kosningar**
    - **a) Formaður HSH**
    - **b) Aðrir í stjórn og varastjórn**
    - **c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara**
    - **d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglum**
    - **e) Uppstillingarnefnd, 3 af formönnum aðildarfélaga HSH sem starfa fram að næsta héraðsþingi**
    - **f) Kosning á Íþróttaþing ÍSÍ**
14. **Önnur mál**

**Þingslit.**

Helgafellssveit

Grundarfjarðarbær

Snæfellsbær

Stykkishólmsbær

Eyja- og Miklaholtshreppur

# Efnisyfirlit


Skýrsla stjórnar ....5
Skýrsla framkvæmdastjóra ....5
Stjórn HSH ....6
Íþróttamenn HSH 2017 ....7
Starfsemi HSH ....8
Ýmsar upplýsingar ....11
Fréttapunktar frá UMFÍ ....11
Fréttapunktar ÍSÍ ....17
Nefndir og ráð HSH ....24
Formenn HSH ....25
Aðildarfélög og formenn félaga ....26
Heiðursviðurkenningar frá UMFÍ og ÍSÍ ....27
Lottó úthlutunarreglur HSH ....30
Stærð félaga og tekjur af lottó ....31
Lög HSH ....31
Reglugerð um íþróttamann HSH ....38
Reglugerð um starfsemi ráða HSH ....39
Skýrslur aðildarfélaga HSH ....40
UMF. Snæfell ....40
UMF Grundarfjarðar ....49
Golfklúbbur Staðarsveitar ....50
Ungmennafélag Staðarsveitar ....52
Golfklúbburinn Mostri ....55
Hestamannafélagið Snæfellingur ....58
UMF Víkingur/Reynir ....65
Skotfélag Snæfellsness ....70
Golfklúbburinn Jökull ....87
Golfkúbburinn Vestarr ....88
Íþróttafélag Miklaholtshrepps ....92
SamVest ....93
Snæfellsnessamstarfið í knattspyrnu ....95
Úrslit frjálsíþróttamóta HSH ....96
Innanhússmót HSH - vor ....96
Innanhússmót HSH - jólamót ....105
Ársreikningur ....111

# Skýrsla stjórnar

## Skýrsla framkvæmdastjóra

Á Snæfellsnesi er mikið og öflugt íþróttastarf og er ánægjulegt að sjá hversu margir taka þátt í að byggja það upp. Við eigum öflug ungmennafélög sem öll vinna ötullega að því að geta boðið börnum og unglingum upp á fjölbreytt íþróttastarf og öllu sem því fylgir. Ungmennafélögin eru einnig að leggja mikinn metnað í því að geta haldið úti samkeppnishæfum meistaraflokkum og má þar nefna að árið 2017 áttum við úrvalsdeildarlið bæði í körfubolta og knattspyrnu. Því miður náðum við þó ekki að halda okkur þar en það er enginn af baki dottinn og enn er fullur kraftur í báðum liðum.

Við erum með fjóra golfklúbba, misstóra en allir hafa það sameiginlegt að vilja halda úti góðu starfi með vandaðri aðstöðu. Það hefur verið uppbygging á golfvöllunum og stjórnendur sjá tækifæri í því að ná til fleiri iðkenda, m.a. með því að taka þátt í ferðamannagóðærinu og aðlaga sig að þörfum ferðafólks og bjóða upp á þjónustu sem hentar þeim. Mikill uppgangur er í hestamannafélaginu þar sem nýlega hafa verið reistar þrjár reiðskemmur á félagssvæði Snæfellings, í Stykkishólmi, í Ólafsvík og á Lýsuhóli. Þá eru orðnar sjö reiðskemmur á svæðinu sem eru bæði í eigu einkaaðila og félagasamtaka og er þetta gríðarlega mikil lyftistöng fyrir hestamennskuna á svæðinu. Með þessari aðstöðu gefst hestamönnum fleiri tækifæri á að stunda hestamennsku allan ársins hring. Einnig er mikill uppgangur hjá Skotfélagi Snæfellsness sem fagnaði 30 ára starfsafmæli og má segja að þetta hafi verið allra besta ár í sögu félagsins. Meðal annars var tekin fyrsta skóflustungan í febrúar 2017 að skothúsi sem mun gera alla aðstöðu til skotæfinga hér á Snæfellsnesi betri og sá tími sem hægt er að stunda skotæfingar mun lengjast.

Það má ekki gleyma að nefna samstarfsverkefnunum sem við erum í, SamVest og Snæfellssamstarfið. SamVest er samstarf 7 héraðssambanda á Vesturlandi og Vestförðum í frjálsum íþróttum. HSH hefur verið lykilaðili í samstarfinu frá upphafi þar sem meðal annars fjármál SamVest hafa verið í umsjá HSH frá stofnun samstarfsins. Samstarfið hefur verið í gangi í tæp 6 ár og hefur stuðlað að öflugra frjálsíþróttastarfi á

svæðinu. SamVest hefur verið í samstarfi við frjálsíþróttadeild FH og haldið samæfingar í frjálsíþróttaaðstöðu í Kaplakrika í Hafnarfirði undir leiðsögn þjálfara frá FH. Einnig hefur verið farið á mót og æfingabúðir sem hefur þótt takast mjög vel. Snæfellsnessamstarfið er líka að gera góða hluti, flokkar frá 5. flokk og uppúr eru að keppa á Faxaflóamóti á veturna og allir flokkar á Íslandsmóti á sumrin, allir taka þátt í einhverju stórmóti yfir sumarið og við erum að senda lið í 4. fl. erlendis á hverju ári. Væri þetta hægt ef við værum ekki í knattspyrnusamstarfi? Stundum þarf að hugsa út frá heildinni frekar en það sem hentar einstaklingum hverju sinni. Verum jákvæð og vinnum saman að því að gera gott starf betra.

Þetta er aðeins brot af því starfi sem unnið er hjá félögum innan HSH og hægt er að lesa nánar um starf hvers félags hérna aftar í þessari ársskýrslu. Allt þetta starf kostar mikla vinna og mikill fjöldi fólks leggur á sig ómælda sjálfboðavinnu svo allt geti starfað áfram. Við verðum að muna að þakka fyrir þessa vinnu því án hennar hefðum við engin félög og ekkert starf.

Okkur langar mikið til þess að á Snæfellsnesi sé öflugt íþróttastarf og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar endilega hafið samband við mig eða stjórn HSH.

Laufey Helga Árnadóttir

Framkvæmdastjóri HSH

## Stjórn HSH

***Stjórn HSH:***

Kristinn Hjörleifsson, formaður

Garðar Svansson, gjaldkeri

Sæunn Dögg Baldursdóttir, ritari

Berglind Long, varaformaður

Ragnhildur Sigurðardóttir, meðstjórnandi

***Varastjórn:***

Þórhalla Baldursdóttir

Ragnar Smári Guðmundsson

Hildur Þórsdóttir

Eyþór Benediktsson

## Íþróttamenn HSH 2017

***Íþróttamenn HSH 2017 – útnefning á Héraðsþingi HSH í desember 2017***

Blakmaður HSH 2017 – Svana Björk Steinarsdóttir, Umf. Grundarfjarðar

Hestaíþróttamaður HSH 2017 - Siguroddur Pétursson, Snæfelling

Knattspyrnumaður HSH 2017 – Birta Guðlaugsdóttir, Umf. Víking

Kylfingur HSH 2017 - Rögnvaldur Ólafsson, Golfklúbbnum Jökul

Körfuknattleiksmaður HSH 2017 – Berglind Gunnarsdóttir, Umf. Snæfell

Skotíþróttamaður HSH 2017 - Guðmundur Andri Kjartansson, Skotfélag Snæfellsness

Vinnuþjarkur HSH 2017 – Freydís Bjarnadóttir

*Íþróttamaður HSH 2017: Berglind Gunnarsdóttir*














## Starfsemi HSH

### *Unglingalandsmót UMFÍ*

20. unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum verslunarmannahelgina 201. Keppendur HSH voru 19 að þessu sinni og gekk þeim prýðilega á mótinu. Okkar fulltrúar kepptu flestir í körfubolta og fótbolta. Í körfunni voru okkar keppendur í liðum sem tóku gull og silfur á mótinu og 2 stúlkur voru í fótboltaliðum sem fengu brons í sínum flokkum. Einn keppandi var í frjálsum og tveir í glímu og þar fékk Jökull Gíslason 14 ára silfur. Jökull og Sigurbjörn Ágúst Kjartansson 13 ára, báðir úr Staðarsveit, kepptu einnig í Ólympískum lyftingum og fékk Sigurbjörn brons þar. Allir keppendur HSH fengu hettupeysu og húfu að gjöf frá HSH á mótinu. Keppendur frá HSH hafa verið fleiri og staðsetning gæti haft eitthvað um það að segja en eitt af verkefnum HSH framundan er að vinna að þvi að auka þátttöku ungmenna frá HSH á unglingalandsmót UMFÍ. Unglingalandsmótið verður að þessu sinni haldið í Þorlákshöfn og unnið er að því um þessar mundir að stofna unglingalandsmótsnefnd sem hefur meðal annars það hlutverk að finna leiðir til að auka þátttökuna.

### *Heimsókn frá ÍSÍ*

Forseti ÍSÍ, Lárus L. Blöndal, Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson ritari ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri heimsóttu starfssvæði Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu 26. september sl. Heimsóknin hófst í Laugargerðisskóla þar sem Harpa Jónsdóttir formaður Íþróttafélags Miklaholtshrepps og Sigurður Jónsson kennari í Laugargerðisskóla tóku á móti hópnum og sýndu þeim mannvirkin á staðnum en þar er íþróttahús og einnig sundlaug. Þaðan var ekið á Hellissand þar sem Þorsteinn Haukur Harðarson framkvæmdastjóri Víkings/Reynis tók á móti hópnum. Mannvirki á Hellissandi voru skoðuð og í kjölfarið mannvirkin í Ólafsvík. Þar hefur helsta uppbyggingin verið við íþróttahús og Ólafsvíkurvöll. Í Grundarfirði var fundað á Kaffi Emil með fulltrúum HSH, aðildarfélaga þess og oddvita sveitarfélagsins. Eftir góðan fund og skoðun íþróttamannvirkja á Grundarfirði sem Garðar Svansson frá HSH, Ragnar Smári Guðmundsson formaður Umf. Grundarfjarðar og Eyþór Garðarsson oddviti í Grundarfjarðarbæ leiddu, var ekið til Stykkishólms þar sem Kristinn Hjörleifsson

formaður HSH og Umf. Snæfells og Arnar Hreiðarsson forstöðumaður íþróttamannvirkja í Snæfellsbæ tóku á móti hópnum. Í Stykkishólmi var íþróttahús og sundlaug skoðuð, knattspyrnu- og frjálsíþróttaaðstaðan, aðstaðan fyrir hestaíþróttir og golfvöllurinn.

***77. Héraðsþing HSH***

77. Héraðsþing HSH var haldið í desember 2017 í Félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík. Félög innan sambandsins sendu flest öll fulltrúa til þingsins og var mætingin mjög góð. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf og gekk þingið vel fyrir sig undir stjórn Sigrúnar Ólafsdóttur þingforseta. Það var kosin ný stjórn og hana skipa, Kristinn Hjörleifsson formaður, Garðar Svansson, Sæunn Dögg Baldursdóttir, Berglind Long og Ragnhildur Sigurðardóttir. Jafnframt var kosin ný varastjórn og í henni eru Þórhalla Baldursdóttir, Ragnar Smári Guðmundsson, Hildur Þórsdóttir og Eyþór Benediktsson. Ársskýrsla 2016 og ársreikningar 2015 og 2016 voru lögð fyrir þingið og samþykkt samhljóða.
Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ og Sabína Steinunn Halldórsdóttir verkefnastjóri UMFÍ voru fulltrúar UMFÍ á héraðsþinginu. Auður veitti Rán Kristinsdóttir starfsmerki UMFÍ fyrir vel unnin störf fyrir íþróttahreyfinguna í Snæfellsbæ. Garðar Svansson formaður almenningsíþróttasviðs ÍSÍ var fulltrúi þeirra á fundinum. Hann veitti Hilmari Haukssyni og Kristmundi Sumarliðasyni viðurkenningu ÍSÍ fyrir þeirra störf fyrir knattspyrnuna í Snæfellsbæ.

***Sambandsþing UMFÍ***

50. sambandsþing UMFÍ var haldið á Hótel Hallormsstað helgina 14. – 15. október. Á sambandsþingi sitja um 150 fulltrúar allra sambandsaðila UMFÍ, 18 héraðssambanda og 11 félaga með beina aðild, auk stjórnar UMFÍ og starfsfólks. HSH sendi tvo fulltrúa á þingið, Þorstein Hauk Harðarson og Guðmundur Gíslason.

***Kynning á Felix – félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ***

Þann 10. nóvember kom Elías Atlason starfsmaður frá ÍSÍ til að vera með kynningu á Felix. Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í

notkun snemma árs 2017. Kynningin var í Átthagastofu í Ólafsvík og komu fulltrúar frá UMFG, Skotfélagi Snæfellsness og UMF Víking/Reyni.

***Héraðsmót HSH***

Árið 2017 voru haldin tvö héraðsmót í frjálsum íþróttum. Frjálsíþróttaráð HSH hélt árlegt héraðsmót í frjálsum íþróttum innanhúss í íþróttahúsinu Stykkishólmi, sunnudaginn 7. maí sl. Um 54 keppendur voru mættir til leiks af Snæfellsnesinu öllu. Þar kepptu 8 ára og yngri í langstökki með og án atrennu og 35 m hlaupi og 9-10 ára í sömu greinum að viðbættu hástökki. Ellefu ára og eldri kepptu í hástökki, langstökki með og án atrennu, 35 m hlaupi og kúluvarpi, skipt í aldursflokka.
Á jólamótinu sem var haldið í Snæfellsbæ voru rúmlega 40 keppendur af Snæfellsnesi sem tóku þátt og voru þeir á aldrinum 3ja til 82ja ára! Átta ára og yngri kepptu í langstökki með og án atrennu og 35 m hlaupi. Keppendur 9-10 ára kepptu í sömu greinum að viðbættu hástökki. Ellefu ára og eldri kepptu í sömu greinum að viðbættu kúluvarpi. Gamalreynd frjálsíþróttakempa, Kristófer Jónasson frá Ólafsvík, heiðraði okkur með þátttöku í mótinu, en hann hljóp 35 m og stökk langstökk án atrennu. Kristófer hefur æft og keppt í frjálsum íþróttum frá unga aldri og sett fjölda meta í mismunandi aldursflokkum.
Krakkarnir stóðu sig með prýði á báðum mótunum og allir fengu þátttökuverðlaun frá HSH, sem Krums – handverk og hönnun í Grundarfirði hafði útbúið.
Hægt er að sjá árangur keppenda aftar í þessari skýrslu.

***Formannafundur ÍSÍ***

Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Laugardagshöllinni í Reykjavík 17. nóvember og sendi HSH þrjá á fundinn, Laufeyju Helgu Árnadóttir, Sæunni Dögg Baldursdóttir og Garðar Svansson. Þetta var í fyrsta sinn þar sem boðað var til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ í maí síðastliðnum var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum í fundinum. Ríflega 100 manns sóttu fundinn

## Ýmsar upplýsingar

### Fréttapunktar frá UMFÍ

**COREDATA**

UMFÍ og AZAZO gerðu í janúar samning um notkun á hugbúnaðinum AZAZO CoreData til að halda utan um öll gögn hreyfingarinnar, bæta verkefnastýringu og fundarhöld. Samningurinn var gerður í framhaldi af stefnumótunarvinnu UMFÍ enda snýr hann að framtíðarsýn hreyfingarinnar. Innleiðingu á kerfinu er lokið og á nú öll skjalavinnsla sér stað í CoreData. Með kerfinu getur UMFÍ haft betri stjórn á öllum gögnum hreyfingarinnar, haft skýrari verkferla, fundarhöld verða markvissari og þekkingaryfirfærsla er tryggð. Utanumhald móta og viðburða á vegum hreyfingarinnar verður einnig auðveldara og gagnsærra. Nokkrir sambandsaðilar UMFÍ hafa þegar tekið kerfið í notkun.

**Ungt fólk til áhrifa**

UMFÍ leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og sterka sjálfsmynd einstaklingsins svo hann geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigin lífsstíl. Dagana 5. - 7. apríl var ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði haldin í áttunda sinn á Hótel Laugarbakka í Miðfirði. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Ekki bara framtíðin - Ungt fólk, leiðtogar nútímans*. Ungmennaráð UMFÍ hafði veg og vanda að ráðstefnunni en jafnframt komu Ungmennasamband Vestur-Húnvetninga (USVH), Sveitarfélagið Árborg og Húnaþing vestra að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Heildarfjöldi þátttakenda var um 70 manns, blanda af ungmennum á aldrinum 16 – 25 ára sem starfa í ungmennaráðum víðsvegar um landið.

Næsta ráðstefna fer fram 21. – 23. mars á Hótel Borealis, Selfossi.

Haustið 2016 hlaut UMFÍ styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að fara af stað með verkefni undir heitinu Umræðupartý UMFÍ. Markmið og tilgangur verkefnisins er að fá fólk saman, bæði þá sem stýra og stjórna innan ungmennafélagshreyfingarinnar og ungt fólk sem starfið er hugsað fyrir. Einnig er markmið með verkefninu að gefa ungu fólki tækifæri til þess að koma sínum skoðunum á framfæri og hafa skoðun á því hvernig UMFÍ vinnur með verkefni sem hugsuð eru fyrir ungt fólk. Verkefnið stendur frá 1. ágúst

2016 til 31. júlí 2018. Næsta umræðupartý fer fram föstudaginn 2. febrúar nk. í Egilshöllinni Grafarvogi.

**Vorfundur UMFÍ**

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 20. maí í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli. Á fundinum flutti markþjálfinn og íþróttakennarinn Jón Halldórsson erindi um leiðtoga og sterka sjálfsmynd einstaklinga. Í erindinu sagði hann m.a. að sé vilji til þess að ná árangri sem hópur þá verði að vinna með styrkleika einstaklinga í hópnum en ekki miða út frá veikleikum þeirra. Jón lýsti því m.a. hvernig fólk leitar oftast að veikleikum sínum og reyni að vinna í því að bæta þá. Það ætti ekki að gera heldur vinna með styrkleikana.

**Hreyfivika UMFÍ**

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 29. maí – 4. júní. Alls voru um 150 boðberar víðs vegar um landið sem stóðu fyrir um 490 viðburðum í 60 bæjarfélögum árið 2017. Áætlað er að um 43.000 þátttakendur hafi tekið þátt.

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópskri lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað miljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020.

Í Hreyfivikunni leggja áhugasamir boðberar hreyfingar sitt af mörkum í nærumhverfi sínu til að fá fólk til að hreyfa sig. Þetta leiðir til þess að margar frumlegar og óhefðbundnar leiðir eru farnar. Dæmi um þetta er, samflot á Akranesi, jarðfræðiganga, ringó í Borgarnesi, plankaáskorun, fílafótbolti og hreyfipubquiz.

Hreyfivikan fer fram dagana 28. maí – 3. júní 2018.

**7. Landsmót UMFÍ 50+ í Hveragerði**

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Hveragerði dagana 23. – 25. júní 2017. Mótið var haldið í fyrsta sinn árið 2011 og var þetta því sjöunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) var mótshaldari.

Mótið var sett við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Hveragerði. Heimamenn komu fram við setninguna. Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson tók lagið og sýndi fimleikahópur listir sínar. Við setningu

mótsins var keppt í línudansi. Eftirherman og skemmtikrafturinn Hjörtur Benediktsson var veislustjóri í sameiginlegum kvöldverði þátttakenda. Hljómsveitin Pass spilaði undir dansi.

Á mótinu var keppt í 18 greinum. Vinsælustu greinarnar voru sem fyrr boccía og pútt ásamt stígvélakasti. Áhorfendur höfðu mikinn áhuga á keppni í pönnukökubakstri og er dæmi um að fólk hafi komið langt að til að fylgjast með keppninni. Yngri keppendur á mótinu voru áhugasamir um throwdown, utanvegahlaup og þríþraut auk þess sem allir aldurshópar kepptu í ringó.

Þátttakendur á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði voru rúmlega 500 sem er afspyrnu gott.

**Stjórnendur UMFÍ á landsmóti Dana**

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Mikil samvinna er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ frá DGI. Í lok júní árið 2017 fór hópur fimmtíu sambandsaðila UMFÍ og fólks tengdu UMFÍ og sveitarstjórn Skagafjarðar í nokkurra daga ferð til Álaborgar að fylgjast með landsmóti DGI. Hópurinn hafði fylgst með undirbúningi landsmóts DGI um nokkurt skeið og var tilgangur ferðarinnar að fræðast frekar um mótið, ræða við stjórnendur DGI um þætti á borð við aðkomu sveitarstjórna og sjálfboðaliða að mótinu, keppendur, tengsl DGI og skipuleggjenda mótsins við fjölmiðla, skipulag þess og fleira sem skiptir máli við skipulagningu stórmóta. Á meðal þeirra sem fóru í ferðina voru Guðríður Adnegaard, formaður HSK, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, og Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss.

**20. Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum**

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2017. Þetta var 20. Unglingalandsmót UMFÍ. Mótshaldari var Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og Fljótsdalshérað. Ómar Bragi Stefánsson var sem fyrr framkvæmdastjóri mótsins og sá hann um skipulagningu þess ásamt framkvæmdanefnd.

Mótið var sett föstudaginn 4. ágúst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. Viðstaddir voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Kristján Þór Júlíusson, þá mennta- og menningarmálaráðherra. Mótinu var svo slitið á sama stað að kvöldi 6. ágúst.

Keppendur voru 980 talsins á aldrinum 11 – 18 ára, 538 strákar og 442 stúlkur. Flestir keppendur voru 12 ára en fæstir 11 ára og 18 ára. Sem fyrr kepptu flestir í knattspyrnu, körfubolta og frjálsum íþróttum. Á síðasta degi mótsins var keppt í kökuskreytingum. Keppnin var nýlunda á mótinu og sló í gegn. Rúmlega 100 þátttakendur voru skráðir til keppni í kökuskreytingum.

**Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugum**

UMFÍ hefur starfrækt Ungmenna- og tómstundabúðir á Laugum í Sælingsdal frá árinu 2005. Síðastliðinn vetur komu 1.600 nemendur úr 8. og 9. bekk grunnskóla frá öllu landinu í búðirnar. Þetta er eilítill samdráttur á milli ára. Hann skýrist m.a. af því að nemendur sumra skóla koma stundum bæði haust og vor sama árið en úr öðrum skólum koma nemendur annað hvert ár. Öðru máli gegnir um vorönnina nú. Hvorki fleiri né færri en 53 skólar hafa bókað dvöl í búðunum og verða nemendurnir um 2.000. Þeir hafa aldrei verið jafn margir og í ár.

Í Ungmenna- og tómstundabúðum UMFÍ spreyta ungmennin sig í fjölbreyttum verkefnum s.s. ræðumennsku, þrautabrautum, traustagöngu, hraðstefnumótum og laugaleikum. Í lok dvalar sögðust 91% ungmennanna hafa farið út fyrir þægindarammann og 90% töldu sig hafa fundið fyrir hvatningu frá liðsfélögum.

**Forvarnardagurinn**

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við UMFÍ, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalags íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Árið 2017 fór dagurinn fram 4. október. Þetta var 11. árið sem forvarnardagurinn er haldinn.

**ÁNÆGJUVOGIN 2017**

Ánægjuvogin er könnun á vegum UMFÍ og ÍSÍ og tekur púlsinn á stöðu íþróttastarfs, ánægju iðkenda og stöðu áfengis- og tóbaksnotkunar meðal ungmenna í 8. til 10. bekk um allt land. Ánægjuvogin er unnin upp úr rannsókninni Ungt fólk sem Rannsóknir og greining gerir. Könnun Ánægjuvogarinnar var lögð fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúar 2016. Niðurstöðurnar eru að meirihluti barna, sem stunda íþróttir einu sinni í viku eða oftar, er virkur í íþróttastarfi eða öðru skipulögðu tómstundastarfi og

lætur áfengi og vímuefni að mestu í friði. Því fylgir aukin lífshamingja, ánægja og betri námsárangur ungmenna.

**FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐUR**

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Úthlutað er úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ tvisvar á ári og hefur umsóknum frá sambandsaðilum og félagum UMFÍ fjölgað verulega á milli ára. Árið 2017 var 152 verkefnum úthlutað tæpum 14,7 milljónum króna.

**UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ**

Umhverfissjóður var stofnaður árið 2002 til minningar um Pálma Gíslason sem var formaður UMFÍ frá 1979 til 1993 og ber sjóðurinn nafn hans. Veitt var úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 2008. Fyrstu styrkirnir úr Umhverfissjóði UMFÍ voru veittir við hátíðlega athöfn í júlí árið 2008. Árið 2017 var 950.000 krónum úthlutað til átta verkefna.

**SKRÁNINGARKERFIÐ NÓRI**

Í maí 2017 innsigluðu UMFÍ og Greiðslumiðlun samning til fimm ára um notkunarrétt á skráningarkerfinu Nóra. Notkunarrétturinn nær til móta UMFÍ og hafa sambandsaðilar UMFÍ leyfi til að nota það. Samningurinn gerir UMFÍ kleift að skrá allt móta- og viðburðahald í framtíðinni auk þess sem sambandsaðilar UMFÍ geta fengið aðgang að kerfinu fyrir rekstur sinn. Samkvæmt samningnum mun Greiðslumiðlun, móðurfélag Nóra, hanna og skrifa skráningarkerfi fyrir landsmót UMFÍ og önnur mót og viðburði UMFÍ sem byggja á tengdum kerfum. UMFÍ notaði kerfið í fyrsta sinn á Landsmóti UMFÍ 50+ í Hveragerði í júní og gerði það aftur í aðdraganda Unglingalandsmótsins.

**ÆSKULÝÐSVETTVANGURINN**

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagins Landsbjargar.

Hlutverk Æskulýðsvettvangsins er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.

Einelti og annars konar óæskileg hegðun er ekki liðin innan Æskulýðsvettvangsins. Því eru forvarnir og fræðsla um einelti, hatursorðræðu, ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og ungmennum sem og mannréttindafræðsla á meðal verkefna Æskulýðsvettvangsins. Auk þess hefur Æskulýðsvettvangurinn unnið að því að fletta upp í sakaskrá fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða innan aðildarfélaganna og þrýst hefur verið á stjórnvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þeir sem hafa gerst sekir um kynferðisbrot geti ekki starfað með börnum og unglingum.

Æskulýðsvettvangurinn hélt ráðstefnuna Af hverju hataru mig svona mikið um miðjan september 2017. Ráðstefnan var vel sótt og sýndu fjölmiðlar henni mikla athygli.

**OPNI HÁSKÓLINN**

UMFÍ er einn af samstarfsaðilum opna háskólans um nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. UMFÍ á einn fulltrúa í náminu. Það er Ragnheiður Sigurðardóttir, landsfulltrúi UMFÍ. Hún segir námið fróðlegt og gagnlegt fyrir stjórnendur í þriðja geiranum.

**Sambandsþing UMFÍ í Hallormsstað**

50. sambandsþing UMFÍ fór fram á Hótel Hallormsstað á Héraði í október 2017. Þingið fór vel fram og sátu það um 150 þingfulltrúar, stjórn UMFÍ og starfsfólk. Sambandsþing UMFÍ er haldið á tveggja ára fresti og er það æðsta valdið í málefnum UMFÍ. Tímamót urðu á þinginu en þar skrifuðu þeir Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, undir samning um ríkisframlag til UMFÍ til næstu þriggja ára. Þetta er tímamótasamningur enda í fyrsta sinn sem stjórnvöld semja við félagasamtök í meira en eitt ár í senn. Kristján Þór sagði í ávarpi sínu í tengslum við undirskriftina í farvatninu að gera samninga við fleiri félagasamtök til þriggja ára því það gefi þeim færi á að skipuleggja sig betur til lengri tíma.

## Fréttapunktar ÍSÍ

**Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða**

Forseti ÍSÍ heimsótti á árinu 2017 starfssvæði Ungmennasambands Dalamanna og N-Breiðfirðinga (UDN), Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH), Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK) og Héraðssambands Strandamanna (HSS). Fundað var með fulltrúum sambandanna og sveitarfélaganna. Forseti ÍSÍ, ásamt föruneyti, hefur heimsótt hin ýmsu íþróttahéruð víða um land síðustu þrjú árin. Á hverjum stað hefur forsetinn fundað með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar og fulltrúum sveitarfélaga og kynnt sér íþróttastarfsemina ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja.

**Formannafundur 2017**

Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 17. nóvember í Laugardalshöllinni. Nú var í fyrsta sinn boðað til fundarins skv. breyttum lögum ÍSÍ en á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ í maí 2016 var samþykkt að bæta framkvæmdastjórum sambandsaðila við sem þátttakendum á fundinum. Ríflega 100 manns sóttu fundinn. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ fjögur mál fyrir fundinn. Þorvaldur Ingimundarson heilindafulltrúi KSÍ kynnti stöðu mála í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, Vigfús Þorsteinsson formaður stýrihóps ÍSÍ og UMFÍ um Felix upplýsti fundinn um stöðuna á nýja Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Afrekssjóðs ÍSÍ, þær breytingar sem orðið hafa á regluverkinu og þá vinnu sem framundan vegna úthlutana úr sjóðnum og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ kynnti verkefni ÍSÍ og UMFÍ sem ber heitið Betra félag.

**Heiðurshöll ÍSÍ**

Á 73. Íþróttaþingi ÍSÍ þann 5. maí var Jón Kaldal frjálsíþróttamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ.

Á hófi Íþróttamanns ársins 2017, þann 28. desember, var Skúli Óskarsson kraftlyftingamaður útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls eru nú 17 einstaklingar í Heiðurshöllinni. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

**Ferðasjóður íþróttafélaga**

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2017 voru 127 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 30 m.kr. frá árinu 2016. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna.

**Fjármögnun sérsambanda**

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2017 var 95 m.kr. en framlag ríkisins hækkaði um 10 m.kr. frá árinu 2016.

**Úthlutun styrkja úr Afrekssjóði ÍSÍ**

Í júlí 2016 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stóraukið fé til Afrekssjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda ÍSÍ um 150 m.kr. og síðar á árinu var úthlutað 100 m.kr. til viðbótar. Miklar breytingar voru gerðar á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ á árinu 2017 og nú er úthlutað samkvæmt nýju vinnulagi sem felur í sér aukna samvinnu ÍSÍ og sérsambanda. Nánari úthlutun má sjá á vefsíðu Afreksíþróttasjóðs ÍSÍ á isi.is en þar er sérstakt vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn.

**Ólympísk verkefni**

Á árinu 2017 sendi ÍSÍ þátttakendur í þrjú ólympísk verkefni.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Erzurum í Tyrklandi 12. – 17. febrúar. Ísland átti keppendur í alpagreinum, skíðagöngu, listskautum og á snjóbrettum. Keppendur á leikunum eru á aldrinum 14 til 18 ára, þátttökuþjóðir eru 34 og þátttakendur eru um 1200.

Smáþjóðaleikarnir fóru fram í San Marínó frá 29. maí til 3. júní. Tæplega 200 manns voru í íslenska hópnum, þar af 136 keppendur eða 73 karlar og 63 konur. Ísland hafnaði í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 60 verðlaun, þar af 27 gullverðlaun. Lúxemborg trónir á toppi töflunnar með 97 verðlaun, þarf af 37 gull.

Kýpur var í 2. sæti með 83 verðlaun, þar af 30 gull.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Györ í Ungverjalandi frá 23. til 29. júlí. Alls tóku 34 íþróttamenn þátt fyrir Íslands hönd, auk flokksstjóra, þjálfara, dómara og fararstjórnar.

**Íþróttaslysasjóður**

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

**Ólympíufjölskylda**

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóvá, Toyota og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

**Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ**

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, frétta og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands) og Instagram og Snapchat undir isiiceland. ÍSÍ er einnig með Vimeo-síðu (https://vimeo.com/user33366809) og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni (https://issuu.com/ithrotta-ogolympiusambandislands). Myndasíða ÍSÍ er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir (http://myndir.isi.is/).

**Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ**

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ og heldur utan um íþrótta iðkendur á Íslandi. Kerfið var fyrst tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega. Nýtt og endurbætt kerfi var svo tekið í notkun snemma árs 2017 en við innleiðingu kom í ljós að kerfið var í raun ekki tilbúið til notkunar. Því var farið í gagngerar prófanir á kerfinu og uppfærslur og telst kerfið nú fullbúið. Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Microsoft

Edge, Internet Explorer, Google Chrome og Safari. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaust og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

**Forvarnardagur forseta Íslands**

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2017 var haldinn þann 4. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is

**Þróun og fræðsla**

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttaþátttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu, meðal annars í ljósi #metoo byltingarinnar fræðslufundi um forvarnir gegn kynferðislegu áreiti. Einnig var ÍSÍ í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurleikana (RIG) og HÍ og HR.

**Sýnum karakter**

ÍSÍ og UMFÍ standa saman að verkefninu Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Heimasíða verkefnisins er www.synumkarakter.is, einnig má finna upplýsingar um verkefnið á fésbókarsíðu þess undir Sýnum karakter.

Þann 29. september var haldin ráðstefnan Sýnum karakter – allir með!, en hún var ætluð ungmennum á aldrinum 13-25 ára. Markmið ráðstefnunnar var að upplýsa ungmennin um að í íþróttahreyfingunni er rými fyrir alla og að störf dómara, þjálfara og stjórnarmanna geti verið spennandi og gefið einstaklingum mikið. Ráðstefnan byggðist

upp af fyrirlestrum, vinnuhópum og pallborði, en þar gafst ungmennunum tækifæri til að spyrja ráðamenn innan íþróttahreyfingarinnar. Um 80 ungmenni sóttu ráðstefnuna alls staðar að af landinu.

**Þjálfaramenntun**

Þjálfaramenntun ÍSÍ fer fram í gegnum fjarnám. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. ÍSÍ sér um almenna hluta fræðslunnar, en sérhæfingin er í höndum sérsambandanna.

**Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru í dag ríflega hundrað. Mörg félaganna eru stór deildaskipt félög og segja má að um þriðjungur íþróttaiðkenda iðki íþróttir innan fyrirmyndarfélaga ÍSÍ.

Á Íþróttaþingi ÍSÍ árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSÍ fyrir fyrirmyndarstarf. Ungmennasamband Eyjafjarðar fékk í nóvember afhenta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, fyrst allra íþróttahéraða. Til að hljóta viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til nokkurra aðalþátta í starfsemi íþróttahéraðsins.

**Ólympíudagurinn**

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. ÍSÍ hefur fengið sérsambönd í lið með sér sem hafa boðið börnum að prófa ýmsar greinar. Íþróttafélög með sumarnámskeið og frístundaheimili hafa tekið þátt á undanförnum árum. Þá hefur Samband Íslenskra Ólympíufara tekið þátt í golfmóti sem skipulagt hefur verið af GSÍ í tilefni dagsins.

**Almenningsíþróttir**

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 1.–21. febrúar 2017. Þátttakendur voru 16.000 að þessu sinni.

Hjólað í vinnuna fór fram í fimmtánda sinn 3.–23. maí 2017. Þátttakendur voru 5.721. 428.926 kílómetrar voru skráðir, sem samsvarar rúmum 320 hringjum í kringum Ísland. Verkefnið hefur frá upphafi hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 18. júní 2017. Um 10.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 80 stöðum hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 6. september – 4. október 2017. 71 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarþunginn við skóla.

Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

**Lyfjamál**

Alls voru tekin 151 sýni á árinu 2017, þar af 80 sýni í keppni eða um 53%. Lyfjapróf voru tekin í 17 íþróttagreinum og reyndust þrjú sýni jákvæð á árinu. Auk þessara sýna tók lyfjaeftirlitið 18 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSÍ, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, http://isi.is/lyfjaeftirlit/.

**Starfsskýrslur ÍSÍ**

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSÍ í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

**Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2017**

Þann 28. desember 2017 hélt ÍSÍ hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2017 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2017 lýst.

**Líney Rut í stjórn EOC**

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ var þann 24. nóvember kjörin í stjórn Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC), fyrst Íslendinga. Líney Rut var kjörin í stjórnina til næstu fjögurra ára. Ein önnur kona verður í stjórn EOC næstu fjögur árin, Daina Gudzineviciute, forseti Ólympíunefndar Litháen. Líney Rut er vel þekkt innan EOC en hún hefur starfað í ýmsum nefndum og ráðum innan EOC og

m.a. stýrt eftirlitsnefnd á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar.
Það er stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi að eiga nú fulltrúa í æðstu samtökum Ólympíuhreyfingarinnar í Evrópu.

**Norræna skólahlaupið**

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið 1984. ÍSÍ sér um framkvæmd verkefnisins á Íslandi. Verkefnið nýtur stuðnings ÍSÍ, Mjólkursamsölunnar og Evrópuráðsins og er haldið í samvinnu við Íþrótta- og heilsufræðifélag Íslands. Formleg setning hlaupsins fór fram í Giljaskóla á Akureyri að þessu sinni. Þátttaka í hlaupinu var mjög góð en 73 skólar tóku þátt og hlupu 18.947 nemendur 63.988 kílómetra.

**Íþróttavika Evrópu**

Íþróttavika Evrópu (European Week of Sport) var haldin víðsvegar um álfuna, vikuna 23. – 30. september 2017. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands heldur utan um verkefnið. Markmið íþróttavikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi í Evrópu og er hún ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu **#BeActive** með það að markmiði að fá sem flesta til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi. Þetta var í annað sinn sem íþróttavikan er haldin hér á landi en það var fyrst gert árið 2015.

**Heilsuefling eldri aldurshópa**

Eitt af áhersluatriðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara. Hjá ÍSÍ er að störfum Nefnd ÍSÍ um íþróttir 60+. Á vefsíðu ÍSÍ má finna yfirlit yfir hreyfitilboð til eldri borgara í öllum landshlutum ásamt ýmsum fróðleik um heilsu og hreyfingu eldri borgara.

## Nefndir og ráð HSH

Blakráð HSH

Anna María Reynisdóttir - UMFG

B.Unnur Guðbjartsdóttir -UMFG

Eiríkur Gautason – Víking

Snædís Hjartardóttir - Víking

Elín Ragna Þórðardóttir – Snæfell

Frjálsíþróttaráð HSH

Sigurður Þórarinsson - Snæfell

Eva Guðbrandsdóttir- Snæfell

Kristín Halla Haraldsdóttir- UMFG

Björg Ágústsdóttir – UMFG

Golfráð HSH

Haukur Þórðarson - GST

Garðar Svansson- GVG

Örvar Ólafsson- GJÓ

Eyþór Benediktsdóttir- GMS

Knattspyrnuráð HSH

Baldvin Leifur Ívarsson - Víking

Freydís Bjarnadóttir- UMFG

Jón Björgvin Sigurðsson- UMFG

Steindór Hjaltalín- Snæfell

Unnar Valby – Snæfell

Körfuknattleiksráð HSH

Gunnar Svanlaugsson- Snæfell

Davíð Sveinsson - Snæfell

Hermundur Pálsson – Snæfell

Þorbergur Bæringsson –Snæfell

Sundráð HSH

María Alma Valdimarsdóttir – Snæfell

Íris Ósk Jóhannsdóttir-Reyni

## Formenn HSH

- Guðmundur Illugason 1922-1931 Kolbeinsstaðarhrepp
- Sveinbjörn Jónsson  1931-1939 Kolbeinsstaðarhrepp
- Kristján Jónsson 1934-1944 Kolbeinsstaðarhrepp
- Gunnar Guðbjartsson 1944-1947 Miklaholtshrepp
- Bjarni Andrésson 1947-1954 Stykkishólmi
- Sigurður Helgason 1954-1955 Stykkishólmi
- Þórður Gíslason 1955-1961 Staðarsveit
- Haukur Sveinbjörnsson 1961-1965 Kolbeinsstaðarhrepp
- Jónas Gestsson 1965-1970 Stykkishólmi
- Skúli Alexandersson 1970-1971 Hellissandi
- Jón Pétursson 1971-1972 Stykkishólmi
- Guðmundur Sigurmonsson 1973-1975 Staðarsveit
- Gunnar Kristjánsson 1976-1977 Grundarfirði
- Pálmi Frímannsson 1978 Stykkishólmi
- Gylfi Magnússon 1979-1981 Ólafsvík
- Jóhanna Leopóldsdóttir 1981-1983 Miklaholtshrepp
- Magndís Alexandersdóttir 1983 Stykkishólmi
- Ísleifur Jónsson 1984 Stykkishólmi
- Ingi Hans Jónsson 1985-1988 Grundarfirði
- Sesselja Pálsdóttir 1988 Stykkishólmi
- Guðrún A. Gunnarsdóttir 1989-1991 Stykkishólmi
- Hallur Pálsson 1991-1995 Grundarfirði
- Eggert Kjartansson 1995-1998 Miklaholtshrepp
- Guðmunda J. Hermannsd. 1998 Stykkishólmi
- Vigfús Örn Gíslason 1998-2000 Ólafsvík
- Kristín Halla Haraldsdóttir 2000 Grundarfirði
- Guðmundur M. Sigurðsson 2000-2006 Kolbeinsstaðarhrepp
- Garðar Svansson 2006- 2011  Grundarfirði
- Hermundur Pálsson 2011-2014 Stykkishólmi
- Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson 2016 – Stykkishólmi

## Aðildarfélög og formenn félaga

Umf. Snæfell stofnd. 23. október 1938 Form. Hjörleifur K. Hjörleifsson, Ásklif 11, 340 Stykkishólmi

Umf. Víkingur stofnd. 1928 / Umf. Reynir stofnd.16. júlí 1934 Form. Garðar Kristjánsson, Selhóll, 360 Hellissandur

Umf. Staðasveitar stofnd. 11. janúar 1912 Form. Ragnhildur Sigurðardóttir, Álftavatni, 356 Snæfellsbæ

Umf. Grundarfj. stofnd.10 júlí 1933 Form. Ragnar Smári Guðmundsson, Sæbóli 1, 350 Grundarf.

Umf. Eldborg stofnd. 8. ágúst 1915 Form. Kristján Á. Magnússon, Snorrastöðum, 311

Skotfélag Snæfellsnes stofnd.10. október 1987 Form. Jón Pétur Pétursson, Hrannarstíg 4, 350 Grundarfirði

Íþróttafél. Miklaholtshr. stofnd. 31. janúar 1937 Form. Harpa Jónsdóttir, Hjarðarfell, 311 Borgarnes

Hestamannafélagið Snæfellingur stofnd. 3. desember 1963 Form. Ásdís Sigurðardóttir, Eiðhúsum, 311 Borgarnes

Golfklúbbur Staðasv. stofnd. ágúst 1998 Form. Haukur Þórðarson Votalæk, 356 Snæfellsbæ

Golfklúbburinn Vestarr Stofnd. 27.júlí 1995 Form. Garðar Svansson, Ölkelduvegi 9, 350 Grundarfirði

Golfklúbburinn Mostri stofnd.13.nóvember1984  Form. Eyþór Benediktsson, Tangagötu 13, 340 Stykkishólmi

Golfklúbburinn Jökull stofnd. 21. júlí 1973   Form. Jón Bjarki Jónatansson, Naustabúð 11, 360 Hellissandur

## Heiðursviðurkenningar frá UMFÍ og ÍSÍ

**Frá UMFÍ**

**Gullmerki**

| | |
|---|---|
| Magndís Alexandersdóttir, HSH | 1992 |

**Starfsmerki**

| | |
|---|---|
| Kristján Jónsson | 1972 |
| Ottó Árnason | 1972 |
| Stefán Ásgrímsson | 1972 |
| Þórður Gíslason | 1972 |
| Jón Pétursson | 1973 |
| Jónas Gestsson | 1984 |
| Pálmi Frímannsson | 1988 |
| Hildur Sæmundsdóttir | 1996 |
| Grétar D. Pálsson | 1997 |
| Guðrún A. Gunnarsdóttir | 1997 |
| Sigurþór Hjörleifsson | 1997 |
| Stefán Jóhann Sigurðsson | 1997 |
| Eiður Björnsson | 1998 |
| Lilja Stefánsdóttir | 1998 |
| Bryndís Jónasdóttir | 1999 |

| | |
|---|---|
| Garðar Svansson | 2000 |
| Guðmundur Runólfsson | 2003 |
| Gunnar Svanlaugsson | 2003 |
| Hjörleifur K. Hjörleifsson | 2003 |
| Vilhjálmur Pétursson | 2003 |
| Margrét Þórðardóttir | 2004 |
| María Alma Valdimarsdóttir | 2006 |
| Sigrún Ólafsdóttir | 2006 |
| Gunnar Kristjánsson | 2008 |
| Kristján Ágúst Magnússon | 2008 |
| Ásta Guðrún Pálsdóttir | 2008 |
| Kjartan Páll Einarsson | 2008 |
| Kristján Þórðarson | 2009 |
| Dagný Þórisdóttir | 2010 |
| Sesselía Pálsdóttir | 2010 |
| Hallur Pálsson | 2013 |
| Anna María Reynisdóttir | 2013 |
| Harpa Jónsdóttir | 2014 |
| Rán Kristinsdóttir | 2017 |

**Frá ÍSÍ**

**Þjónustumerki**

Kristján Jónsson UMF. Eldborg 1963

**Silfurmerki**

Kristján Þórðarson UMF. Staðarsveit 1997

Eggert Kjartansson Íþróttafélag Miklaholtshrepps 1998

Elfa Ármannsdóttir UMF. Víking 1998

Ríkharður Hrafnkelsson Golfklúbbnum Mostra 2003

Garðar Svansson  UMF. Grundarfjarðar  2003

Páll Guðmundsson Golfklúbbnum Vestarr   2007

Kristín Halla Haraldsdóttir  UMF. Grundarfjarðar  2008

Guðmundur Gíslason UMF.Grundarfjarðar  2012

Ásgeir Ragnarsson Golfklúbbnum Vestarr 2013

Hilmar Hauksson UMG Víkingur 2017

Kristmundur Sumarliðason UMF Víkingur 2017

**Gullmerki**

Magndís Alexandersdóttir  UMF. Snæfell  1987

Sigurþór Hjörleifsson  UMF. Snæfell  1992

Þóra Kristín Magnúsdóttir  UMF. Trausti  1997

Kjartan Páll Einarsson  UMF. Snæfell  1998

Þorbergur Bæringsson  UMF. Snæfell  2010

Haukur Sveinbjörnsson UMF. Eldborg  2012

Davíð Sveinsson UMF. Snæfell  2012

Þorsteinn Björgvinsson Skotgrund 2013

Leifur Kr. Jóhannesson Snæfelling 2013

Högni Bæringsson Snæfelling 2013

Myndir frá heiðursveitingu á Héraðsþingi HSH 2017:






## Lottó úthlutunarreglur HSH

**REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH**

1. 42% til HSH

2. 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:

   a) 5% jafnt milli félaga.

   b) 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.

   Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

   1) Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.
   2) Skilar fullnægjandi skýrslum.
   3) Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.
   4) Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.

   c) 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

   Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.

   d) 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðisins árs.Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.

   e) 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

## Stærð félaga og tekjur af lottó

| Félög | Félagar | jan-feb | mars-apr | maí-júní | júl-ág | sept-okt | nóv-des | Samtals | skinfaxi | Skattur | Frádr. | þátt.gj. 2015 | Útborgað |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eldborg | 73 | 48,460 | 11,508 | 9,354 | 9,538 | 10,981 | 9,981 | 99,823 | 2,990 | 13,320 | | | **83,513** |
| ÍM | 88 | 66,649 | 15,829 | 12,866 | 13,119 | 15,103 | 13,729 | 137,296 | 2,990 | 15,300 | | | **119,006** |
| Umf. Sta›arsv. | 118 | 84,051 | 19,966 | 16,229 | 16,548 | 19,050 | 17,316 | 173,159 | 2,990 | 16,740 | | | **153,429** |
| G. Staðarsv. | 43 | 58,066 | 13,800 | 11,217 | 11,437 | 13,167 | 11,969 | 119,655 | 2,990 | 7,380 | | | **109,285** |
| Skotgrund | 141 | 180,412 | 38,016 | 30,901 | 31,508 | 36,272 | 32,971 | 350,080 | 2,990 | 22,500 | | | **324,590** |
| Reynir | 189 | 212,715 | 44,044 | 35,801 | 36,504 | 42,024 | 38,200 | 409,287 | 2,990 | 24,840 | | | **381,457** |
| Víkingur | 670 | 433,487 | 103,015 | 83,735 | 85,380 | 98,290 | 89,346 | 893,254 | 2,990 | 78,480 | | | **811,784** |
| UMFG | 577 | 405,310 | 93,981 | 76,391 | 77,892 | 89,670 | 81,510 | 824,755 | 2,990 | 86,760 | | | **735,005** |
| Snæfell | 651 | 517,775 | 123,080 | 100,044 | 102,010 | 117,435 | 106,748 | 1,067,091 | 2,990 | 97,380 | | | **966,721** |
| Golfkl. Jökull | 52 | 72,838 | 17,308 | 14,069 | 14,345 | 16,514 | 15,012 | 150,087 | 2,990 | 6,840 | | | **140,257** |
| Golfkl. Vestarr | 128 | 156,363 | 37,175 | 30,217 | 30,811 | 35,470 | 32,242 | 322,277 | 2,990 | 23,580 | 180,697 | | **115,010** |
| Golfkl. Mostri | 125 | 162,828 | 38,702 | 31,459 | 32,077 | 36,927 | 33,567 | 335,561 | 2,990 | 19,260 | | | **313,311** |
| Íþrd. Snæfellings | 258 | 313,878 | 74,625 | 60,658 | 61,850 | 71,202 | 64,723 | 646,935 | 2,990 | 44,280 | | | **599,665** |
| Landsmótssjóður | | 302,627 | 71,667 | 58,254 | 59,398 | 68,380 | 62,158 | | | | | | **622,483** |
| | | | | | | | | | | | | | |
| **SAMTALS:** | **3,113** | **3,015,459** | **702,716** | **571,193** | **582,417** | **670,486** | **609,472** | **5,529,259** | **38,870** | **456,660** | **180,697** | **-** | **4,853,032** |

## Lög HSH

**1. KAFLI**

**TILGANGUR, MARKMIÐ OG HLUTVERK**

**1. GREIN**

Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH.

Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

**2. GREIN**

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu er samtök ungmenna- og íþróttafélaga, og annarra slíkra félaga, sem vinna að sömu markmiðum á starfssvæði héraðsnefndar Snæfellinga. Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra jafnt utan héraðs sem innan.

**3. GREIN**

Markmið HSH er að sameina íbúa héraðsins um að efla og vernda sjálfstæði Íslendinga.

Markmiði sínu hyggst sambandið ná með eftirfarandi stefnuskrá:

a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.

b) Að vinna að bindindi og útrýmingu skaðnautna.

c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.

d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.

e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, átthaga og ættjörð.

f) Að efla íþróttir og viðhalda þeim meðal félaga innan sambandsins, með því að styrkja íþróttanámskeið og halda íþróttamót, þar sem fari fram íþróttakeppni og íþróttasýningar, svo oft
sem héraðsþing og stjórn telur nauðsynlegt og framkvæmanlegt.

g) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.

h) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.

i) Að vinna að jafnrétti allra manna.

j) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

**4. GREIN**

Hlutverk héraðsambandsins er:

a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð er stofnuð er fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.

b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.

c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt.

d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.

e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.

f) Að staðfesta lög aðildarfélaga.

g) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma, skal stjórn héraðsambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

**2. KAFLI**

**RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGANNA**

**5. GREIN**

Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa réttindi til að gerast aðilar að sambandinu, enda fullnægi þau þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma

**6. GREIN**

Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:

a) Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.

b) Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og
að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ

c) Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrr en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.

**7. GREIN**

Öllum sambandsfélögum er skylt að halda skrá yfir félaga sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Sambandsfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum .

**8. GREIN**

Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur félaga. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra félaga, 16 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

**9. GREIN**

Sambandsfélög HSH skulu senda yfirlitsskýrslur yfir störf síðastliðins árs fyrir 15. janúar hvert ár, til birtingar í ársskýrslu HSH. Í þessari yfirlitsskýrslu komi fram það helsta, sem gerðist á árinu innan viðkomandi félags.

**10. GREIN**

Félög, sem ekki hafa greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur fyrir 15.apríl missa atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

**11. GREIN**

Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda, sem sambandið á aðild að.

**12. GREIN**

Félag, sem misst hefur réttindi sín, getur ekki öðlast þau aftur, nema það fullnægi settum refsiákvæðum, eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil.

**13. GREIN**

Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

**3. KAFLI**

**STJÓRN HSH**

**14. GREIN**

HSH er stjórnað af þessum aðilum:

a) Héraðsþingi.

b) Stjórn.

**15. GREIN**

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

2 fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn

3 fulltrúa fyrir hverja 51-150félagsmenn

4 fulltrúa fyrir hverja 151-300 félagsmenn

5 fulltrúa fyrir hverja 301- félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf, sem stjórn HSH leggur til.

**16. GREIN**

Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með ábyrgðarbréfi eða í símskeyti með 30 daga fyrirvara. Skriflegt fundarboð, síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnum allra sambandsfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.

**17. GREIN**

Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir, sem sambandsfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 16. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sérsamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

**18. GREIN**

Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:

1.Þingsetning.

2.Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara.

3. Skipun kjörbréfanefndar.

4. Skýrsla stjórnar.

5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

6.Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.

7. Kosning nefnda þingsins:

a)Fjárhagsnefnd.

b)Íþróttanefnd.

c)Allsherjar- og laganefnd.

8. Ávörp gesta

19. Fjárhagsáætlun lögð fram.

10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.

11. Nefndarstörf.

12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.

13. Kosningar:

a) Formaður HSH

b) Aðrir í stjórn og varastjórn.

c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.

e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.

f) Kosning fulltrúa á Íþróttaþing ÍSÍ

14. Önnur mál.

15. Þingslit.

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda.  Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

**19. GREIN**

Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

**20. GREIN**

Aukaþing skal halda ef:

a)Tilmæli koma frá stjórnum landssamtaka.

b)Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

**21. GREIN**

Í stjórn HSH eiga sæti 5 menn; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til 2 ára. Formenn aðildarfélga HSH skipti með sér setu í varastjórn, 4 formenn eitt ár í senn.

**22. GREIN**

Stjórn HSH skal gera ráðum sambandsins erindisbréf að loknu héraðsþingi. Í erindisbréfum ráða skulu koma fram sérstök verkefni viðkomandi ráðs á starfsárinu.

**23. GREIN**

Stjórn HSH skal halda sambandsráðsfund með formönnum sambandsfélaga og ráða. Að hausti, á haustfundi skal sumarstarfið metið og gerð áætlun um störf vetrarins eftir því sem við verður komið.

**24. GREIN**

Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra mála. Einnig getur hún falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrirfram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

**25. GREIN**

Gera skal skýrslur um öll íþróttamót og senda til stjórnar HSH sem skal veita þeim viðtöku og geyma í skjalasafni sínu. Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

**26. grein**

Lögum þessum breytt 23 febrúar 2010 og öðlast þegar gildi

## Reglugerð um íþróttamann HSH

1. **grein**

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „ÍÞRÓTTAMAÐUR HSH“ þeim íþróttamanni á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímannsssonar.

2. **grein**

Þeim íþróttamanni sem valinn er „íþróttamaður HSH“ skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

3. **grein**

Aðildarfélög HSH skili árlega tilnefningu eins íþróttamanns hverrar iðkaðrar greinar viðkomandi félags, til aðalstjórnar eigi síðar en 10. nóvember. Með tilnefningunni skal fylgija greinargerð um íþróttalegan árangur, svo sem met, ástundun við æfingar og fl. Miðað skal við viðkomandi sé 15 ára og eldri. Hvert fagráð velur íþróttamann sinnar greinar úr tilnefningum sem borist hafa frá aðildarfélögum.

4. **grein**

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanns HSH eigi síðar en 10 desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

5. **grein**

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

**6. grein**

Útnefning íþróttamanns HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.

## Reglugerð um starfsemi ráða HSH

**1. ALMENN ÁKVÆÐI.**

Á héraðsþingi HSH ár hvert skal kosið í eftirfarandi ráð: Frjálsíþróttaráð, knattspyrnuráð, körfuknattleiksráð, golfráð, blakráð,skíðaráð, sundráð og glímuráð. Formenn allra ráðanna skulu tilnefndir á héraðsþingi. Við val á fulltrúum í ráðin skal leitast eftir að velja fólk, sem tilbúið er að leggja á sig þá vinnu, sem seta í ráðinu útheimtir. Ekki skal búseta eða það í hvaða félagi viðkomandi er skipta máli við val á fulltrúum í ráðinu. Stjórn skal vera heimilt að fela einstaka ráði ýmis sérverkefni þó þar sé ekki um að ræða samþykktir héraðsþings. Ekkert ráð kosið af héraðsþingi HSH hefur ákvörðunnarrétt í meiriháttar málum og getur ekki tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar. Kjörtímabil ráðanna skal vera milli héraðsþinga.

# Skýrslur aðildarfélaga HSH

## UMF. Snæfell

Starfsemi UMF. Snæfells 2017

Á aðalfundi sem haldinn var 24.janúar 2017 voru eftirtalin kosin í aðalstjórn.

Hjörleifur K Hjörleifsson formaður

María Alma Valdimarsdóttir gjaldkeri

Sex deildir störfuðu á árinu: frjálsíþróttadeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, blakdeild, badmintondeild, íþróttir fatlaðra.

Sunddeild, siglingadeild, fimleikadeild, þríþrautardeild og kraftlyftingadeild störfuðu ekkert á árinu, íþróttaskóli var áfram rekinn af einkaaðilum.

Körfuknattleiksdeild og knattspyrnudeild eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar þ.e í meistaraflokka og yngri flokka.

Starfsemi félagsins var nokkuð góð á árinu hjá þeim deildum sem störfuðu eins og fram kemur í skýrslum deilda félagsins. Það er mikið áhyggjuefni hve mikið hefur dregið úr starfsemi félagsins, það að fimm deildir starfi ekkert á árinu er eitthvað sem þarf að skoða vel. Þjálfaraleysi er stór hluti af þessum vanda en því miður er það að verða nokkuð stórt vandamál hjá félaginu, að frjálsíþróttadeild hafi ekki getað fengið þjálfara á haustmánuðum er eitthvað sem að aldrei hefur skeð áður hjá félaginu. Nokkuð ljóst að félagið verður að fara að skoða þessi mál vel á komandi misserum, kannski gott markmið á 80 ára afmæli Snæfells sem verður 23.októmer 2018.

Að lokum vill aðalstjórn þakka öllum þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá allir þeir sem eru tilbúnir að vinna mikið og fórnfúst starf til að félagið geti vaxið og dafnað

Hjörleifur K Hjörleifsson

formaður UMF.Snæfells

Knattspyrnudeild yngri flokkar

Starf yngriflokka var með sama sniði og undanfarin ár, krakkarnir hafa æft hér heima og hafa svo keppt undir merkjum Snæfellsnessamstarfsins. Kári Pétur Ólafsson sá um æfingar frá áramótum fram á haust eða þar til hann þurfti að hætta vegna annarra verkefna. Viljum við þakka Kára fyrir samstarfið á liðnum árum. En þá leituðum við í smiðju Páls Margeirs og fengum einn leikmann meistaraflokks til að þjálfa yngriflokkana. Julio Fernandez sem kemur frá Kólumbíu og þar sem hann talar ekki íslensku fengum við þá Oliver Darra og Ólaf Birkir til að vera aðstoðarþjálfara með honum og hefur það tekist vel.

Vallarmál: Páll Margeir hefur séð um völlinn eins og undafarin ár en nú er staðan sú að bæði grasvöllurinn og sparkvöllurinn þurfa mikið viðhald. Girðingin í kringum völlinn er einnig orðin lúin, vökvunar græjur ónýtar og stendur til að fara í endurbætur á þessu í sumar, vonandi verður farið í það svo völlurinn geti verið sú bæjarprýði sem hann á að vera.

Snæfellsnessamstarfið: Samstarfið hefur verið með hefðbundnum hætti, helgarmót fyrir yngstu krakkana og Íslandsmót fyrir 5. til 2. flokk. Sú breyting varð á að við sendum fleiri flokka á Faxaflóamótið en áður, svo að krakkar í 5. flokk og uppúr eru að keppa í fótbolta allt árið. 4. fl kvk fór á Barcelona Cup 2017 og fóru 3 stelpur frá UMF Snæfell og stóðu þær sig með prýði. Að vanda endaði sumarið með maraþonfótbolta og uppskeruhátíð í Ólafsvík.

Tenging við foreldra: Tenging við foreldra er í gegnum Facebook síður. Snæfell fótbolti yngri er síðan okkar svo er hver flokkur í samstarfinu með sína síðu, vil ég benda foreldrum á að það er ekki sama flokka skipting og í körfunni.

1. og 2. bekkur = 7. flokkur
3. og 4. bekkur = 6. flokkur
5. og 6. bekkur = 5. flokkur
7. og 8. bekkur = 4. flokkur
9. og 10. bekkur = 3. flokkur

Ég vil minna foreldra á að þeir eru alltaf velkomnir á allar æfingar hjá okkur.

Stjórn yngriflokka 2017

Þröstur Ingi Auðunsson formaður

Ólafur Örn Ásmundsson gjaldkeri

Hrefna Frímansdóttir

Þórhildur Eyþórsdóttir

Böðvar Sturluson

(Steindór Hjaltalín gjaldkeri )

(Selma Sól )

Breytingar hafa verið í stjórn hjá okkur, Selma Sól gekk úr stjórn í vor og Steindór Hjaltalín um áramót. Vill ég þakka þeim fyrir vel unnin störf fyrir okkar deild, í þeirra stað komu þau Þórhildur Eyþórsdóttir og Böðvar Sturluson.

Fyrir hönd stjórnar yngriflokka í knattspyrnu.

Þröstur Ingi Auðunsson.

Knattspyrnudeild meistaraflokkur

Ákveðið var að fara i samstarf við fimm ungmennafélög í Dölunum og norðanverðum Breiðafirði undir nafni Snæfell/UDN. Liðssöfnun fór fram í Dölunum og komu ungir leikmenn þaðan með góðan bakgrunn úr öðrum íþróttum en knattspyrnu. Erfiðlega gekk að manna liðið á leikdag vegna vinnu leikmanna og árangur skilaði sér ekki en ljóst var að ekki hefði verið hægt að halda úti liðinu nema af þvi að Dalamenn komu inn. Formaður leitaði allra leiða til að styrkja liðið, einnig var reynt í fyrsta skipti undir stjórn formanns að styrkja liðið með erlendum leikmönnum og finna húsnæði í bænum fyrir það. Þau áform fóru í vissan farveg og gengu sum áform og önnur ekki. Mikill kostnaður var í rekstri deildarinnar sem skilaði sér ekki í góðum árangri. Aftur náðum við þó að vinna leiki i Íslandsmótinu í futsal eins og undanfarin ár.

Páll Margeir Sveinsson.

Smá pistill frá frjálsíþróttaráðinu

Árið 2017 var frekar dauft. Fyrrihlutinn var ágætur þar sem Agnes Helga Sigurðardóttir sá um þjálfun yngri barna og Gísli Pálsson þjálfaði þau eldri. Agnes fór svo í fæðingarorlof um miðjan apríl og þá voru það mæðgurnar Erla Friðriksdóttir og Birta Sigþórsdóttir sem kláruðu þjálfun þeirra yngri út skólaárið. Stórmót ÍR var haldið í febrúar og þangað fóru nokkrir einstaklingar en þau keppa reyndar undir merkjum HSH. Vormót HSH var haldið hér í Hólminum og var ágætis þátttaka. Björg Gunnarsdóttir sá um að þjálfa eldri krakkana sl. sumar. Yfirleitt var nú bara einn

til sex krakkar á æfingu sem er miður því hún hafði ansi mikinn áhuga á að koma og þjálfa krakkana hér. Reynt var að halda úti þrekæfingum fyrir eldri krakkana einu sinni í viku hjá Björgu en enginn áhugi var hjá þeim. Sumarmót Samvest var haldið í Borgarnesi og var aðeins einn keppandi frá Snæfelli, Ari Bergmann. Unglingalandsmótið var haldið á Egilsstöðum og þar áttum við einn keppenda í frjálsum sem stóð sig mjög vel. Akureyrarmót í frjálsum var haldið um miðjan ágúst og þar áttum við einnig einn keppenda og var bæting hjá honum í 200m hlaupi frá því á unglingalandsmóti. Engar frjálsar hafa verið þjálfaðar í vetur þar sem við fengum engan þjálfara því miður. Talað var við nokkra aðila en enginn tilbúinn að taka þetta að sér sem er miður því hér erum við með krakka sem eru með mikinn áhuga og metnað og vilja gera betur. Krakkarnir þá þau eldri hafa verið að fara tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn á samæfingu með Samvest hjá FH í Kaplakrika og eru þau alslæl eftir þær æfingar því þarna er æfingaaðstaða frábær og sama má segja um þjálfarana. Ef engir þjálfarar fást til að þjálfa hér hjá okkur þá er það því miður þannig að þær falla bara niður og hætta. En við lifum í voninni að þetta lagist allt.

Áfram frjálsar,

Fh. frjálsíþróttadeildar Snæfells

Eydís Bergmann Eyþórsdóttir

Körfuknattleikur - Yngri flokkar 2017

Í upphafi árs 2017 skipaði stjórn yngri flokka körfuknattleikdseildar Snæfells eftirtöldum aðilum. Jón Þór Eyþórsson, formaður Magnús Ingi Bæringsson, gjaldkeri Guðfinna Arnórsdóttir/Ásmundur Guðmundsson Jóhanna María Ríkharðsdóttir Stjórn yngriflokka Snæfells tók smávægilegum breytingum en undirritaður, Jón Þór Eyþórsson, tók við góðu búi Magnúsar Inga Bæringssonar. Magnús fór sem betur fer ekki langt heldur tók hann við sem gjaldkeri. Við héldum áfram að vinna með yfirþjálfaranum honum Inga Þór Steinþórssyni. Ingi er kletturinn okkar í samskipti við KKI og nær að halda vel utan um þjálfarana okkar. Samstarf við foreldra var að mínu mati til fyrirmyndar. Við erum að þróa okkur áfram að halda samskiptum sem bestum og gerum við það með tölvupóstum sem og á Facebook. Í samráði ákvað stjórn og þjálfarar að þeir flokkar sem færu á íslandsmót, 6- unglingaflokka, að þjálfarar þeirra flokka myndu halda úti Facebookhóp ætluðum foreldrum iðkanda. Þetta hefur tekist vel og á bara eftir að batna. Ég vil

foreldrum kærlega fyrir að taka þátt í þessu með okkur og enn og aftur er nauðsynlegt að foreldrar/forráðamenn séu þáttakendur í þessu með okkur. Áfram gerum við starfið okkar í körfunni öflugt og er það auðveldara að gera það með ykkur.

Um vor (janúar-maí) æfðu eftirfarandi flokkar:

- 1-2.bekkur stúlkur og drengir Þjálfari: Andrée Michelssen
- 3-4.bekkur stúlkur Þjálfari: Andrea Ólafsdóttir
- 5-6.bekkur stúlkur Þjálfari: Gunnhildur Gunnarsdóttir
- 7-10.bekkur stúlkur Þjálfari: Gunnhildur Gunnarsdóttir
- 1.bekkur drengja Þjálfari: Andrée Michelssen
- 2-3.bekkur drengja Þjálfari: Andrée Michelssen
- 4-6.bekkur drengja Þjálfari: Árni Ásgeirsson
- 7-8.bekkur drengja Þjálfari: Gísli Pálsson
- 9-10.bekkur drengja Þjálfari: Gunnlaugur Smárason
- Drengjaflokkur Þjálfari: Sefton Barret/Ingi Þór,Gísli Páls.
- Unglingaflokkur Þjálfari: Sefton Barret/Ingi Þór/Gíslí Páls. Andrée Michelssen sá um morgunæfingar.

Um haust (September-Desember) æfðu eftirfarandi flokkar:

- 1.-2. bekkur stúlkna Þjálfari: Gissur
- 3.- 5. bekkur stúlkna Þjálfari: Andrea Björt Ólafsdóttir
- 6.- 8. bekkur stúlkna Þjálfari: Andrea Björt Ólafsdóttir
- 9.- 10. bekkur stúlkna Þjálfari: Haiden Denise Palmer
- Unglingaflokkur stúlkna Þjálfari: Ingi Þór Steinþórsson
- 1 - 3. bekkur drengja Þjálfari: Árni Ásgeirsson
- 4.- 5. bekkur drengja Þjálfari: Andrea Björt Ólafsdóttir
- 6.- 8. bekkur drengja Þjálfari: Árni Ásgeirsson
- 9.- 10. bekkur drengja Þjálfari: Baldur Þorleifsson
- Drengjaflokkur Þjálfari: Gísli Pálsson Christian David Covile sá um morgunæfingar

Þau mót sem iðkendur minniboltans tóku þátt voru eftirfarandi.

Sambíomót Fjölnis 4-5 nóv, Jólamót IR 2-3 des, Actavismót Hauka 20-21 jan og Nettómótið í Reykjanesbæ 4-5 mars. Og í fyrsta skiptið sendir Snæfell lið á Stjörnustríð sem haldið verður 7-8 apríl. Mikil og góð þáttaka var á öllum þessum mótum. Gaman er að sjá hversu mörg mótin eru orðin fyrir þessa yngstu iðkendur og er körfuboltinn greinilega á mikilli uppleið í landinu. Ekki náðist að senda lið í Íslandsmót í 6-7.bekk stúlkna. Lið 8.fl.stúlkna lék í C-riðli í upphafi móts og vann þann riðil. Liðið lék því næst í B-riðli og náði að halda sæti sínu þar og næst þar á eftir. Því miður í 4 umferð þá náði liðið ekki að halda sama dampi og fór niður í C-riðil þar sem þær enduðu mótið. 10.flokkur var í samstarfi við Skallagrím. Vorum við sammála um að það samstarf skilaði sér litlu og var ekki nægjanlega gott og samæfingar voru sáralitlar. Sameiginlegt lið Snæfells/Breiðabliks léku á Íslandsmóti þennan vetur. Stóðu þær sig með prýði. Unnu níu leiki og töpuðu sjö og enduðu mótið í fjórða sæti. Lið 8.flokks drengja hóf leik í B-riðli og unnu þann riðil og léku því næst í A-riðli. Því miður féllu þeir aftur í B-riðil. Í næstu umferðum endaði liðið í öðru sæti síns riðils og enduðu íslandsmótið þar. Ekki var sent lið 9.flokks drengja í íslandsmót. Léku þeir í bikarkeppninni þar sem þeir töpuðu fyrir góðu liði Vestra. Sent var nýtt lið í 10.flokk drengja til leiks í íslandsmóti. Í fyrstu tveimur umferðum lék liðið í D-riðli. Í þriðju umferð léku þeir í C-riðli en enduðu mótið að sigra D-riðil. Drengjaflokkur tók ekki þátt í íslandsmóti en léku í bikarnkeppninni gegn Njarðvík. Tapaðist sá leikur 65-72.

Okkar helstu fjáraflanir eru eins og áður jóla- og páskabingó. Það er mikið gleðiefni hversu bingóin eru sótt af heimafólki og sendum við þeim miklar þakkir fyrir. Nokkur vinna er í kringum Jólabingóið og fengum við galvaska sveit úr Stykkishólmi til að afla vinninga og gekk það vel. Einnig gefur sala á merktum fatnaði Snæfells vel og að lokum fáum við styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Fyrir hönd stjórn yngriflokka Snæfells vil ég þakka öllum þeim sem komu að fjáröflun og mótastarfi.
Stykkishólmur 28.febrúar 2018
Fyrir hönd Stjórn foreldraráðs yngriflokka Snæfells
Jón Þór Eyþórsson, formaður

Skýrsla Körfuknattleiksdeildar fyrir meistaraflokka karla og kvenna 2016-2017

**Karlalið**

Enn yngist karlaliðið og yfirgaf Sigurður Ágúst Þorvaldsson liðið er hann gekk til liðs við KR. Snjólfur Björns og Þorbergur Helgi Sæþórs æfðu í Reykjavík en léku með liðinu. Sveinn Arnar Davíðsson æfði lítið með liðinu en kom þegar að hann var ekki á vakt og spilaði með liðinu. Ingi Þór fór mikinn að leita að liðsstyrk og var talað við 64 leikmenn sem vildu alltof mikinn aur til að leika körfu. Liðið fékk til sín þá Geir Elías Úlf Helgason og Maciek Klimaszewksi frá FSu, Árna Elmar Hrafnsson frá Fjölni og Andrée Fares Michelsson frá svíþjóð.
Liðið réð Sefton Barrett reynslu mikinn hágæða leikmann sem lék vel fyrir liðið en hann fékk mjög gott tilboð frá Finnlandi sem stjórnin samþykkti að hann fengi að fara í. Í hans stað var ráðinn Christian David Covile en þegar á reyndi fékk hann ekki strax atvinnu- og dvalarleyfi. Ingi Þór var snöggur til og fékk Vaughn Allen til að koma fyrir engan pening en í miðri pappírsvinnu komu pappírarnir fyrir Chris í gegn og honum var flogið aftur til landsins. Chris lék frábærlega fyrir Snæfell og féll vel inní liðið.

Liðið tapaði öllum leikjum sínum 22 í Dominosdeildinni en gekk engu að síður vel frá borði, leikmenn lögðu allt sitt á gólfið og meira er ekki hægt að biðja um.
Liðið stóð sig vel í unglingaflokki og unnu þeir 12 af 14 leikjum sínum en töpuðu fyrir Haukum í 8-liða úrslitum Íslandsmótsin.

Liðið kom saman í Ágúst/September en Sefton kom seint til landsins. Liðið lék nokkra æfingaleiki sem gáfu skýra mynd á hvernig tímabilið yrði. Stjórn, þjálfarar og leikmenn voru allir meðvitaðir hvernig tímabil Snæfell væri að fara í.

Í bikarkeppninni lék liðið gegn Val á útivelli og sigruðu Valsmenn 63:74.

Á Íslandsmótinu var liðinu spáð falli eða í 12. Sæti og margir sem töldu liðið engan veginn myndi standa sig á meðal þeirra bestu. Einsog áður segir varð það hlutskipti Snæfells að falla niður í 1. Deild karla og byrja uppbyggingu á nýju liði.

**Kvennaliðið**

Eftir þrjú frábær ár þar sem kvennaliðið vann bæði bikar og Íslandsmeistaratitil 2016 gekk liðið í gegnum breytingar. Haiden Palmer fór til Þýskalands og í staðinn réð liðið Taylor Brown – hún þótti heldur kraftlítil þrátt fyrir hæfileika og mikla persónutöfra og í hennar stað kom Aaryn Ellenberg-Wiley sem lék frábærlega með liðinu. Hún féll betur og betur í liðið og er enn ein drauma persónan sem við í Snæfell fáum til liðs við okkur.

Bryndís Guðmundsdóttir ætlaði ekki að leika með liðinu en hún kom hóf aftur að leika með liðinu í Október. Pálína María Gunnlaugsdóttir gekk til liðs við Snæfell en hún kom frá Haukum. Pálína lék stutt með liðinu en mjög krefjandi vinna og meiðsli sem hún varð fyrir á kálfa enduðu hennar þáttöku með liðinu í Nóvember. Tveir leikmenn tilkynntu óléttu á lokametrunum en fyrirliðinn Gunnhildur Gunnarsdóttir og Helga Hjördís Björgvinsdóttir léku óléttar lokakaflan.
Upp úr yngriflokkum félagsins komu þær Hrafnhildur Magnúsdóttir, Theodóra Ægisdóttir, Lísbet Rós Ketilbjarnardóttir og Kristín Birna Sigfúsdóttir þær þrjár síðust nefndu stoppuðu stutt og sáust lítið. Hugrún Eva Valdimarsdóttir var mikið meidd og frá meira og minna allt tímabilið.

Berglind Gunnarsdóttir, Alda Leif Jónsdóttir, Hugrún Eva Valdimarsdóttir, Pálína María Gunnlaugsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og María Björnsdóttir æfðu með Breiðablik en samstarfið var mjög got á milli félaganna með Hildi Sigurðardóttur í fararbroddi. Sóttu dömurnar þær æfingar í Stykkishólmi reglulega sem þær komust á og komu saman í leiki í Stykkishólm.

Liðið lék æfingaleiki og fór í æfingaferð á Suðurlandið sem heppnaðist vel, enginn Lengjubikar var þetta árið og er það miður.
Fyrirkomulag í bikarkeppninni var breytt en í ár voru undanúrslit og úrslit leikin miðvikudag – laugardag. Liðið hófu leik gegn Val einsog öll önnur ár og sigruðu stelpurnar 79:76, í átta liða

úrslitum léku stelpurnar gegn Stjörnunni og sigruðu þær 68:63 og tryggðu sér í höllina. Umgjörðin og mætingin á undanúrslitaleik Snæfells og Skallagríms var glæsileg og töpuðu stelpurnar í hádramatískum leik 68:70 eftir sigurkörfu Skallagríms á lokaflautinu.
Í Dominosdeildinni var hart barist og lék liðið á köflum mjög vel – stelpurnar tryggðu sér Deildarmeistaratitilinn en liðið endaði jafnt Keflavík að stigum með 22 sigra og 6 tapleiki. Liðið hóf leik í Borgarnesi gegn Skallagrím og töpuðu stelpurnar leiknum. Stelpurnar rifu sig upp og voru 13-3 um jólin. Stjarnan enduðu í fjórða sæti og léku okkar dömur vel gegn Stjörnunni og sendu þær í sumarfrí 3-0. Keflavík og Skallagrímur fóru í fimm leiki og var það ekki gott fyrir ólétta liðið okkar. Stelpurnar biðu í 13 daga eftir að spila gegn Keflavík. Fyrsti leikurinn tapaðist á lokasekúndunni gegn sprækum Keflavíkurstúlkum og það var einnig málið í leik tvö. Stelpurnar léku vel í þriðja leiknum og sigruðu 68:60. Í fjórða leiknum var bensínið búið og sigurðu Keflavík 70:50 og tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn.

Berglind Gunnarsdóttir var valinn í úrvalslið Domniosdeildarinnar eftir tímabilið á lokahófi KKÍ 2017.

**Stjórn deildarinnar:**

Formaður: Gunnar Svanlaugsson

Varaformaður: Hermundur Pálsson

Gjaldkeri: Davíð Sveinsson

Meðstjórnendur: Arnór Óskarsson, Páll Þorbergsson, Þorbergur Bæringsson, Símon Hjaltalín, Steindór Hjaltalín og Selma Margeirsdóttir.

## UMF Grundarfjarðar

Ungmennafélag Grundarfjarðar heldur úti 6 íþróttagreinum fyrir börn fædd frá árinu 2002 til ársins 2016. Á vegum félagsins starfa 6 þjálfarar sem sjá um þjálfun í blaki, fimleikum, fótbolta, frjálsum, körfubolta auk íþróttaskóla fyrir yngsta aldurshópinn.

Félagið heldur úti um 25 tímum á viku í Íþróttahúsi Grundarfjarðar yfir vetrartímann, yfir sumartímann heldur félagið utan um fótbolta, sund og frjálsar.

Ungmennafélagið gefur iðkenndum möguleika á að æfa og keppa í frjálsum íþróttum með HSH og eru mörg mót á vegum Sam-Vest sem krakkarnir okkar sækja. Í fótbolta keppa krakkarnir okkar undir merkjum Snæfellsnes-samstarfsins ásamt Snæfell Stykkishólmi, Víkingi Ólafsvík og Reyni Hellissandi. Félagið hefur boðið iðkenndum sínum að sækja mót í fimleikum og einnig hefur iðkenndum í körfubolta boðist að keppa með körfuboltadeild Snæfells.

Félagið tók að sér að setja saman tómstundatöflu fyrir Grundfirðinga veturinn 2017-2018. Það var gert til þess að forðast árekstra milli tómstundastarfs sem í boði er fyrir börn og unglinga í bæjarfélaginu svo sem íþróttir hjá UMFG, skátastarfi, kirkjuskóla o.s.frv. Með tómstundartöflu á unga fólkið okkar frekari möguleika að sækja allar þær tómstundir sem í boðið eru á svæðinu.

Síðasta vetur var fjárfest í flottri fimleikadýnu sem nýst hefur vel við æfingar í fimleikum. Einnig var samþykkt að greiða ½ kostnaðar við framkvæmd á malbikun á íþróttavellinum fyrir stökkgryfjur. Þessi framkvæmd skilar margfalt betri aðstöðu til iðkunnar á frjálsum íþróttum.

Ungmennafélagið hélt utan um 17. Júní hátíð fyrir Grundarfjarðarbæjar eins og fyrri ár með myndarbrag. Þar var boðið uppá sápubolta, froðurennibraut í samstarfið við slökkviliðið og ýmsar aðrar uppákomur. Mikil ánægja var með hátíðina.

Hátíðin á Góðri stundu var haldin í lok júlí. UMFG sá um að manna 2 stöður í dyravörslu ásamt því að halda úti sjoppu á hátíðarsvæðinu.

Nær allir nemendur Grunnskólans eru skráðir félagar í UMFG og æfa eina eða fleiri íþróttagreinar hjá félaginu. Öflug starfsemi félagsins eykur því verulega lífsgæði íbúa Grundarfjarðar.

Virðingarfyllst, fh. stjórnar UMFG

Ragnar Smári Guðmundsson, formaður

## Golfklúbbur Staðarsveitar

Starf Golfklúbbs Staðarsveitar árið 2017 var með hefðbundnum hætti. Rekstur Garðavallar undir Jökli gekk vonum framar ekki síst fyrir velvilja fjölda fyrirtækja sem lögðu okkur lið með fjárstuðningi og tekjur af gestum sem stoppuðu og tóku einn hring ekki síst útlendingum sem voru fleiri en oft áður. Þar er markaður sem vert er að huga að.
Tíðafarið var hagstætt framan af sumri og gekk vel að halda vellinum í góðu lagi allt sumarið. Heldur hefur fækkað í klúbbnum en félagar eru um 20 talsins en virkir félagar færri.

Golfsumarið var tekið snemma með svokölluðu Kríumóti sem haldið var snemma í maí og var vel mætt af félögum okkar frá öllum klúbbum héðan af Snæfellsnesi og víðar af Vesturlandi.

Töðugjöld voru á dagskrá eins og undanfarin ár og Tuddamótið var haldið 2. september. Þar er slegið saman keppni Golfklúbbs Staðarsveitar og Golfklúbbs Guttorms tudda ásamt því að haldið er opið puntamót. Þetta mót var líka meistaramótið okkar félaga í GST. Um kvöldið var síðan haldin hátíðarkvöldverður í boði klúbbsins og veitt verðlaun sem voru afurðir úr sveitinni gefið af heimamönnum. Þá voru einnig krýndir meistarar klúbbsins en þetta árið var nýr klúbbmeistari

krýndur Hjörleifur Þór Jakobsson  án forgjafar og Haukur Þórðarson varð klúbbmeistari með forgjöf. Hlutu þeir veglega bikara til geymslu eitt ár og fá nöfn sín grafinn á þá.

Til stóð að halda sameiginlegt mót allra golfklúbbana á nesinu þar sem spilað væri níu holur á hverjum velli alls 36 holur á tveim dögum. Lítil þátttaka var og hættu flestir klúbbarnir við mótið. Okkur fannst ástæða til að halda áfram með mótið og fór svo að við héldum það. Tólf manns tóku þátt og það er okkar skoðun að þetta mót sé þess virði að halda því áfram. Á uppskeruhátíð okkar var síðan krýndur Snæfellsnesmeistarinn. Sá sem fékk flesta punta þetta árið var Sæþór Gunnarsson og fékk veglegan farandgrip til geymslu fram á næsta sumar.

Haldið var áfram að laga völlinn eins og fjármagn leyfði.  Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum megnið af sumarinu.  Gerðir voru nýjir teigar á 7. holu vegna stækkunar Gistihússins Langaholts Einnig er unnið að því að bæta grín vallarsins með fræsingum og sáningum og baráttan við mosan mun verða aðalverk næstu ára. Þá er átak í gangi til að fá fleiri heimamenn til liðs við klúbbin með kennslu í golfi og nýtir klúbburinn sér Snag golfbúðnað til þess meðal annars. Er það von okkar að það verði einhver fjölgun í klúbbnum á næstu árum. En hvað sem fjármálum og ytri aðstæðum líður á komandi ári stefnir Golfklúbbur Staðarsveitar ótrauður á gera félagsmönnum sínum til hæfis og að bæta völlin sinn þannig að það verði eftirsóknarvert að koma og spila hann.

Haukur Þórðarson formaður

## Ungmennafélag Staðarsveitar

Félagsmálanámskeið UMFÍ var haldið í Lýsuhólsskóla 24. október s.l. Þetta námskeið var öllum opið sem eru 14 ára eða eldri. Þarna voru félagsmenn þjálfaðir í félagsmálum, hvað felst í því að vera ritari, gjaldkeri, formaður eða stjórnarmaður? Framsögn æfð og fundarsköp. Það skiptir miklu máli í lýðræðissamfélagi að þora og geta tekið þátt í samfélagsmálum og látið rödd sína heyrast.

Opinn félagsfundur var haldinn í Lýsuhólsskóla haustið 2017. Allir velkomnir. Allir nemendur Lýsuhólsskóla sátu fundinn. Þar var farið yfir það sem gert hefur verið og þau verkefni sem til stendur að ráðast í. Afreksbikurum komið í nýjar hendur. Tekið á móti hugmyndum að nýjum verkefnum.

Árleg áramótabrenna Ungmennafélagsins var haldin á Kirkjuhóli kvöldið fyrir gamlárskvöld. Brennustjóri var Þórður Svavarsson frá Ölkeldu sem fór fyrir vaskri sveit brennumanna.

Í vor var haldið dansnámskeið í Lýsuhólsskóla í boði Ungmennafélagsins Trausta og Ungmennafélags Staðarsveitar

Körfuboltaæfingar voru haldnar í Laugagerði í boði Ungmennafélags Staðarsveitar og foreldrafélags Laugagerðisskóla

Aðalfundur Ungmennafélags Staðarsveitar var haldinn 26.maí í félagsheimilinu á Lýsuhóli. Þar komu fram margar hugmyndir sem flestum hefur verið hrint í framkvæmd

Íþróttaæfingar

Í sumar var leikjanámskeið á íþróttavellinum við Lýsuhól í umsjón Dagbjartar Dúnu Rúnarsdóttur

Sólrún Silja Rúnarsdóttir stýrði vatnsleikfimi í Lýsulaugum.

Arna Jara Jökulsdóttir og Björg Hermannsdóttir sáu um frjálsíþróttaæfingar á vellinum.

Félagar tóku þátt í Samvest samstarfinu, sem er samstarf um frjálsíþróttir á Vesturlandi og Vestfjörðum. Viðburðir voru auglýstir á póstlista sveitarinnar og á Facebook síðu félagsins. Unnið er að spennandi samvinnuverkefnum auk þess sem sameiginlegar æfingar og mót voru haldin.

Þjóðhátíð 17. júní

Umsjón; Rósa, Haukur, sundlaugarverðir ofl.

Skemmtiatriði og leikir. Þátttaka var, eins og alltaf, góð og félagar glöddust saman fram eftir kvöldi. Ungmennafélagið bauð upp á pylsur og ávaxtasafa og sundlaugin var opin. Í ár var að auki boðið í fermingar „eftirpartý“ og þótti takast vel eins og áður.

Gönguferð að Kambsvatni tókst ljómandi vel. Leiðsögumaður var Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir.

Traustamót við Samkomuhúsið á Arnarstapa var skemmtilegt eins og alltaf. Umsjónarmenn Ólína Gunnlaugsdóttir og Kristín María Kristinsdóttir.

Unglingalandsmót UMFÍ fyrir 11 ára og eldri var haldið á Egilsstöðum að þessu sinni. Færri þátttakendur fóru frá okkur en oft áður en voru, eins og venjulega, sér og sínum til sóma. Jökull Gíslason frá Álftavatni hlaut afreksbikar Ungmennafélags Staðarsveitar í ár fyrir besta árangur á mótinu.

Vatnasund

Vatnasundkeppni var haldin í Torfavatni eins og hefð er komin á. Börn lærðu að synda í vötnunum áður en sundlaugin var byggð og vatnasundið er orðið að árlegum fjölsóttum viðburði. Eftir sundið var öllum keppendum boðið í Lýsulaugarnar okkar góðu á Lýsuhóli.

Í vatnasundsnefnd eru Símon Kristinn, María, Björk, Þorri og Hilmar. Eins og áður kepptu allir við alla en vegalengdum var að þessu sinni þrískipt eftir aldri.

Vatnasundmeistari 2017 er Gunnlaugur Gylfi Kristjánsson frá Hoftúnum.

*<u>Stjórn Ungmennafélagsins:</u>*

Ragnhildur Sigurðardóttir, *formaður.*

Lilja Björk Kristjánsdóttir*, ritari.*

Þórður Svavarsson, *gjaldkeri.*

<u>Meðstjórnendur:</u>

Guðmundur Bjarnason

Iðunn Hauksdóttir

Björn Sigurjónsson

Sóldís Fannberg Þórsdóttir

*<u>Varamenn:</u>*

Silja Sigurðardóttir

Þóra Kristín Magnúsdóttir

Kristján Þórðarson

*<u>Endurskoðendur:</u>*

Þorkell Símonarson

Rósa Erlendsdóttir

Það sem á eftir að finna farveg:

Vilji er á að fá skyndihjálpar- og barnfóstrunámskeið sem allir hafa gott af að fara á.

Glímuæfingar

Reiðnámskeið

Vonandi verður farið í fleiri fjallgöngur og gönguferðir en það byggir á frumkvæði félagsmanna.

Við hvetjum alla til að láta vita á fésbókarsíðunni ef góðar gönguhugmyndir vakna.

Gönguferð upp í Lýsuskarð, að vatninu.

Hittast og spila fótbolta á íþróttavellinum

Hreyfikindillinn heldur áfram ferð sinni um sveitina, þegar hann kemur á bæ kvitta húsráðendur og koma honum svo áfram á næsta bæ annað hvort gangandi, hjólandi eða ríðandi.

Iðunn Hauksdóttir heldur utan um skráningar í ungmennafélagið og tölvumál félagsins.

## Golfklúbburinn Mostri

Stjórn og nefndir

Stjórn GMS á liðnu starfsári skipuðu eftirtalin: Formaður: Eyþór Benediktsson; gjaldkeri: Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir; meðstjórnendur: Gunnar Björn Guðmundsson, Hilmir Snær Kristinsson, Jón Þór Eyþórsson, Rafn Júlíus Rafnsson og Ríkharður Hrafnkelsson.

Stjórnin tók til starfa strax eftir aðalfund með því að skipa í nefndir og huga að öðrum undirbúningi fyrir sumarið. Formenn nefnda voru valin eftirtalin: Mótanefnd: Hilmir Snær Kristinsson, Vallarnefnd: Ríkharður Hrafnkelsson, Kvennanefnd: Karín Herta Hafsteinsdóttir.

Undirbúningur, vorverk og framkvæmdir

Tíðarfar var gott um vorið og völlurinn kom vel undan vetri. Flatir voru slegnar í seinni hluta aprílmánaðar sem verður að teljast óvenju snemmt hjá okkur.

Framkvæmdir á velli voru með minnsta móti sl. sumar. Þó voru kláraðar lagfæringar á 2. og 4. braut sem hafði verið byrjað á sumarið áður. Boðað var til vinnukvölds í maí, gengið var frá jarðraski sem fylgdi lagfæringum á 2. og 4. og sáð í flögin.

Mannahald: Völlur – skáli – tjaldsvæði

Gengið hafði verið frá munnlegu samkomulagi í janúar við þá Margeir Inga Rúnarsson og Gauta Daðason um störf á vellinum eins og árin á undan. Í marslok bauðst Margeiri hins vegar vinna við stóran golfvöll í Þýskalandi og gat hann því ekki tekið að sér vallarstjórastarfið eins og til stóð. Það varð úr að Gauti var ráðinn vallarstjóri og var hann einn við störf fyrstu vikurnar en í júní og júlí starfaði Ásgeir H. Guðmundsson með Gauta á vellinum. Þeir félagar stóðu sig vel og völlurinn var í mjög góðu ástandi allt sumarið. Eftir að Gauti hætti í septemberbyrjun skiptust nokkrir félagar á að sjá um sláttinn eins og þurfti út september. Vallarstarfsmönnum og sjálfboðaliðum, sem sinntu störfum á vellinum, eru hér með færðar þakkir fyrir vel unnin störf síðastliðið sumar.

Tjaldsvæði og skáli var opnað í byrjun maí. Starfsmenn voru þau Lára Björg Björgvinsdóttir, Helga Björg Marteinsdóttir, Hreiðar Arnarsson, Aníta Hallfreðsdóttir og Ayushtseren Khash-Erdene. Í

september var flest sumarstarfsfólk farið aftur í skóla og sáu Helga Björg og Sigurður R. Bjarnason um tjaldsvæðið út mánuðinn.
Skálinn var opinn frá 8 á morgnana til kl. 10 á kvöldin og var reynt að haga viðveru starfsfólks þannig að alltaf væru tveir á vakt á mestu álagstímum.

Tjaldsvæðið var opið í fimm mánuði með föstu starfsfólki, frá 2. maí til 30. september. Þar að auki var opið á tjaldsvæðinu og aðgangur að snyrtingum, þvottavél/þurrkara og anddyri golfskála út nóvember. Í október og nóvember var ekki innheimt gjald og enginn fastur starfsmaður í skálanum en stjórnarfólk tók að sér eftirlit og þrif.

Sumarið 2016 var metár í aðsókn á tjaldstæðið og fyrirfram var ekki búist við jafn mörgum gestum sumarið 2017. Annað kom þó á daginn og reyndust skráðar gistinætur 2017 vera 3,75% fleiri en árið á undan.
Það er mikilvægt að starfsfólkið sé vandanum vaxið þegar þarf að taka á móti og þjónusta svo marga gesti. Ekki síður er áríðandi að allur aðbúnaður og aðstaða sem gestum og starfsfólki er búin sé fyrsta flokks. Nokkuð hefur verið unnið að úrbótum á tjaldstæðinu en mest aðkallandi er að útbúa sem fyrst „inniaðstöðu“ fyrir tjaldgesti. Klúbburinn hefur lagt fram fyrir bæjaryfirvöld hugmyndir að lausnum á því og vonandi verður unnið áfram með þær.

Mótahald

Mótaskrá var sett upp með líkum hætti og undanfarin ár en eins og í fyrra var þátttaka minni en oft áður og var t.d. tveimur mótum frestað vegna ónógrar skráningar. Segja má að dauft hafi verið yfir mótahaldi hjá okkur en þó var reynt að brydda upp á nýjungum, m.a. með svokölluðum „skemmtimótum“. Efling góðs félagsanda og samkenndar ætti að vera meginmarkmið okkar með mótahaldi og það næst ekki nema mótanefnd og félagar vinni saman að því. Það er líka gaman að fá gesti í mótin og takist að gera einhver mót eftirsóknarverð eru líkur á að þau verði góð tekjulind fyrir klúbbinn og auki hróður vallarins út á við. Opna hjóna- og paramótið, Hótel Stykkishólmur, er dæmi um það. Þetta elsta opna mót klúbbsins hefur fest sig í sessi undanfarin

ár og nú er svo komið að í janúarlok eru allir rástímar í mótið 2018 fullbókaðir og flestir þátttakendur eru bókaðir í þrjár nætur á Hótelinu.
Meistaramótið fór fram dagana 28. júní – 1. júlí. Klúbbmeistari í karlaflokki er Sigursveinn P. Hjaltalín, í öldungaflokki kvenna sigraði Helga Björg Marteinsdóttir og í öldungaflokki karla Rúnar Gíslason.

Af öðrum mótum sem hæst bar á síðasta sumri má nefna vel heppnað Vesturlandsmót kvenna sem var haldið hér í lok ágúst og klúbbakeppni GMS og GVG, „Ryderinn“, sem var leikin á báðum völlunum eins og venjulega.

Klúbburinn sendi tvær sveitir til leiks í Íslandsmóti golfklúbba. Karlasveitin lék í 3. deild á Vatnsleysuströndinni. Þeir stóðu sig vel og voru ekki langt frá því að halda sínu sæti í deildinni en það tókst ekki að þessu sinni og leika þeir því næst í 4. deild. Eftirtaldir skipuðu sveit GMS: Davíð Hafsteinsson, Gauti Daðason, Gunnar Björn Guðmundsson, Rúnar Örn Jónsson og Sigursveinn P. Hjaltalín. Liðsstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson.
Karlasveit eldri kylfinga lék í 2. deild í Sandgerði og stóð sig vel, endaði í 5. sæti í sterkri deild. Sveitina skipuðu: Davíð Hafsteinsson, Guðlaugur Harðarson, Gunnar Gunnarsson, Rafn J. Rafnsson, Rúnar Gíslason, Rúnar Örn Jónsson og Skarphéðinn Elfar Skarphéðinsson. Liðstjóri var Rafn J. Rafnsson.

Barna- og unglingastarf - nýliðar

Á síðasta ári gengu þrír klúbbar á Vesturlandi til samstarfs um að ráða til sín golfkennara. Það voru GB, GVG og GMS. Magnús Birgisson PGA kennari kom til starfa í maílok og var vikulega með æfingar hjá okkur fyrir börn og unglinga og einnig bauð klúbburinn nýliðum og konum upp á tíma með Magnúsi.
Afar vel var látið af þessu framtaki og kennslu Magnúsar. Aðsókn var nokkuð góð oftast nær en það sem vantaði upp á af okkar hálfu var að halda betur utan um bæði barna- og unglingastarfið og eins nýliðana. Þetta þurfum við að laga fyrir næsta sumar og eins og með flest annað í starfi klúbbsins snýst það um að félagar séu tilbúnir að leggja fram tíma sinn og starfskrafta.

Samstarf

Klúbburinn hefur átt í góðu samstarfi við nágrannaklúbbana, bæði hér á Nesinu og á Vesturlandi, eins og oftast áður. Hér að framan var minnst á samstarf um ráðningu golfkennara og einnig hefur sameiginlegur vorfundur Snæfellsnes-klúbbanna tekið ákvarðanir um ýmis samstarfsverkefni og önnur hagsmunamál klúbbanna. Ekki tókst að koma á mótinu „Umhverfis Snæfellsnes“ í annarri tilraun og er líklega um að kenna tímasetningu mótsins. Það hefur verið sett á í júlí undanfarin ár og skráning ekki verið það góð að klúbbarnir hafi treyst sér til að halda því til streitu. Klúbbakeppnin við Grundfirðinga hefur verið skemmtilegur og fastur liður í samstarfi GMS og GVG í mörg ár og er mikilvægur þáttur í félagsstarfi beggja klúbba.

Að svo mæltu vil ég þakka félögum, stjórnarfólki og þeim sem störfuðu í nefndum klúbbsins, fyrir samstarfið á síðasta ári og óska þess að félagar verði virkir í öllu starfi klúbbsins á því ári sem nú er nýhafið.

Fyrir hönd stjórnar GMS,
Eyþór Benediktsson, formaður

## Hestamannafélagið Snæfellingur

Stjórn Snæfellings

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. mars og var þá kosið um Herborgu Sigríði Bjarnarhöfn ritari og Hlyn Hjaltason Stykkishólmi og gáfu þau bæði kost á sér áfram og aðrir í stjórn eru Ásdís Ó. Sigurðardóttir Hrísdal formaður, Ólafur Tryggvason Grundarfirði gjaldkeri og Sölvi Konráðsson Ólafsvík. Varamenn voru kjörnir, Snævar Örn Arnarsson Ólafsvík, Gísli Guðmundsson Hömluholti, Kristján Magni Oddsson Grundarfirði, Lárus Hannesson Stykkishólmi, Gunnar Sturluson Hrísdal.

Mót.

Snæfellingur hélt  gæðingamót og svo var Bikarmót Vesturlands haldið í Stykkishólmi á vegum Snæfellings það var líka íþróttamótið okkar, þar sem ekki tókst að halda íþróttamótið í apríl vegna dræmrar þátttöku. Snæfellingur var þátttakandi í Fjórðungsmótinu i Borgarnesi. Folaldasýning var í Grundarfirði.

Fjórðungsmót

Þeir sem kepptu fyrir hönd Snæfelling

Barnaflokk

Hafís Lóa Sigurbjörnsdóttir / Hylling frá Minni-Borg

Gísli Sigurbjörnsson / Frosti frá Hofsstöðum

Signý Ósk Sævarsdóttir / Oliver frá Stykkishólmi

Harpa Dögg Heiðarsdóttir / Tenór frá Grundarfirði

Unglingaflokk

Inga Dís Víkingsdóttir / Ábóti frá Söðulsholti

Fjóla Rún Sölvadóttir / Fjöður frá Ólafsvík

Embla Þórey Elvarsdóttir / Tinni frá Laxdalshofi

Brynjar Gná Heiðarsdóttir / Flugsvin frá Grundarfirði.

Tinna Guðrún Alexandersdóttir / Garpur frá Ytri – Kóngsbakka

Ungmennaflokkur

Guðný Margrét Siguroddsdóttir / Reykur frá Brennistöðum

Fanney O. Gunnarsdóttir / Fífa frá Brimilsvöllum

B- flokkur

Hrynur frá Hrísdal / Siguroddur Pétursson

Steggur frá Hrísdal / Siguroddur Pétursson

Hnokki frá Reykhólum / Hrefna Rós Lárusdóttir

Eldborg frá Haukatungu Syðri 1 / Siguroddur Pétursson

Móalingur frá Bergi / Jón Bjarni Þorvarðarson

Óskadís frá Hrísdal / Siguroddur Pétursson

A – flokkur

Atlas frá Lýsuhóli / Lárus Ástmar Hannesson

Urð frá Bergi / Anna Dóra Markúsdóttir

Elding frá Hvoli / Maiju Maaria Varis

Glóð frá Prestbakka / Gunnar Sturluson



Mynd frá Gæðingamótinu í Stykkishólmi

Hestur mótsins var Steggur frá Hrísdal og knapi mótsins var Siguroddur Pétursson, efnilegasti knapinn var valin Inga Dís Víkingsdóttir og hryssa mótsins var Urð frá Bergi.

Æskulýðsstarfið

Auglýst voru unglingaskipti til Þýskalands, ferðin var fyrirhuguð í ágúst 2017. Því miður náðist ekki lágmarksfjöldi í ofangreinda ferð og var henni því frestað til sumars 2018.

Um 20 börn og unglingar mættu ásamt foreldrum í hesthúsahverfið í Stykkishólmi klukkan 17:00. Farið var í fjörugan ratleik um svæðið þar sem leystar voru allskonar þrautir og getraunir sem allar tengdust hestamennskunni og hesthúsahverfinu. Krakkarnir voru mjög duglegir og hugmyndaríkir. Þá næst var farið í Nesbrauð í Stykkishólmi og spilað skemmtilegt Bingó. Hópurinn endaði svo daginn með pizzuhlaðborði í bakaríinu. Dagurinn var í heild sinni frábær - skemmtilegur hittingur fyrir börn og unglinga á Snæfellsnesinu. Boðið var upp á undirbúningsnámskeið fyrir þá sem höfðu hug á að taka þátt í úrtökunni fyrir FM.





Reiðveganefnd

Sótt var um reiðvegafé að upphæð 1.700.000 í reiðleiðir og í ferðaleiðasjóð kr. 2.000.000 til að halda áfram með að brjóta vegin um Kerlingaskarð. Reiðveganefnd Vestursvæðis hittist í Stykkishólmi og ræddi um reiðvegamál og skiptingu fjármagns sem til úthlutunar var. Þar tók Lárus og Högni á móti hópnum í hinni nýju glæsilegu reiðhöll Hólmara en hluti hópsins langaði að skoða hana og fá upplýsingar um bygginguna. Á fundinum lögðu fulltrúar Snæfellings Ólafur Tryggvason og Gísli Guðmundsson fram hugmynd að skiptingu sem hljóðaði upp á að félögin fengju úthlutað fjármagni annað hvert ár í reiðvegaframkvæmdir, leist mönnum vel á hugmyndina en treystu sér ekki í hana því allir voru með verkefni sem þeir vildu halda áfram með. Til skiptanna voru 6.400.000 kr. í reiðleiðir og 1.500.000 kr. í ferðaleiðir.

Snæfellingur fékk úthlutað 914.585 kr. í reiðleiðir og 500.000 kr. í ferðaleiðir alls 1.414.585 kr. Ákveðið var að eyða allri fjárhæðinni í að laga á Kerlingaskarði því flutningur á tækjum er svo dýr þannig töldum við að fjármagnið nýttist betur. Framkvæmdir enduðu 55.000 kr. yfir fjárheimildir og gætum við átt von á skerðingu á næsta ári.

Framkvæmdaskýrslu hefur verið skilað til Landsamband hestamannafélaga en það er forsenda fyrir að hægt er að sækja um fjármagn að nýju.

Uppskeruhátíðin



Knapi Snæfellings, Þotuskjöldurinn og Ræktunarbú Snæfellings.

Uppskeruhátíð Snæfellings var haldinn í reiðhöllinni á Lýsuhól. Þar hafa þau hjónin Agnar og Jóhanna byggt sér glæsilega aðstöðu og óskum við þeim innilega til hamingju með þessa flottu reiðhöll. Byrjað var á því að skoða reiðhöllina og hesthúsið hjá þeim á Lýsuhóli

Heimilisfólkið á Lýsuhóli tók að sér eldamennskuna að þessu sinni og snæddum við dýrindis lambakjöt og tertur á eftir. Mæting var mjög góð og áttu um 80 manns skemmtilega kvöldstund þarna. Happdrættið sló í gegn eins og alltaf og færum við þeim sem gáfu vinninga í happdrættið kærar þakkir fyrir.

Veittar voru viðurkenningar eins og við höfum gert undanfarin ár til barna, unglinga og ungmenna. Efstu kynbótahrossin í hverjum flokk og þotuskjöldinn sem að þessu sinn var veittur eigendum þess hest sem oftast hefur unnið A flokkinn hjá Snæfelling. Sá hestur sem vinnur A flokkinn fær afhentan farandbikar, ístaðið og hefur verið afhent síðan 1965 og hefur Atlas frá Lýsuhóli unnið þetta 6 sinnum í röð. Við óskum eigendum og knöpum Atlasar innilega til hamingju með frábæran árangur. Ræktunarbú Snæfellings er Hrossaræktarbúið Berg þar búa þau Anna Dóra og Jón Bjarni, þeim hefur gengið vel á árinu með hrossin sín og voru meðal annars tilnefnd á landsvísu sem ræktunarbú. Knapi Snæfellings er svo Siguroddur Pétursson og hefur hann náð frábærum árangri með þá Hryn og Stegg frá Hrísdal og var hann einnig tilnefndur á landsvísu.

Ræktunarhross

Hryssur

5 vetra

IS201237490 Lukkudís frá Bergi, 8.44 8.44 8.44 Lukku-Láki frá Stóra-Vatnsskarði, Hilda frá Bjarnarhöfn – Anna Dóra

6 vetra

IS2011137959 Eldborg frá Haukatungu Syðri, 7.74 7.96 7.87 Álfinnur frá Syðri-Gegnishólum, Mynd frá Haukatungu Syðri 1 - Ólafur Pálsson

7 vetra

IS010237336Hafdís frá Bergi, 8.13 8.33 8.25 Sporður frá Bergi, Orka frá Viðvík – Anna Dóra og Jón Bjarni

Hestar

4 vetra

IS2013137490 Huginn frá Bergi, 8.44 8.01 8.19 Krókur frá Ytra-Dalsgerði, Hilda frá Bjarnarhöfn - Anna Dóra Markúsdóttir

5 vetra

IS2012137485 Sægrímur frá Bergi, 8.54 8.83 8.71 Sær frá Bakkakoti, Hrísla frá Bergi – Jón Bjarni Þorvarðarson

6 vetra

IS2011137210 Goði frá Bjarnarhöfn, 8.13 8.86 8.56 Spuni frá Vesturkoti, Gyðja frá Bjarnarhöfn – Brynjar Hildibrandsson

7 vetra

IS2010137338 Múli frá Bergi, 8.70 8.26 8.44 Kappi frá Kommu Minning frá Bergi – Jón Bjarni Þorvarðarson

Hvatningaverðlaun.

Barnaflokkur.

Gísli Sigurbjörnsson

Hafdís Lóa Sigurbjörnsdóttir

Harpa Dögg Heiðarsdóttir

Signý Ósk Sævarsdóttir

Unlingaflokkur

Brynja Gná Heiðarsdóttir

Embla Þórey Elvarsdóttir

Fjóla Rún Sölvadóttir

Inga Dís Víkingsdóttir

Tinna Guðrún Alexandersdóttir

Ungmennaflokkur

Borghildur Gunnarsdóttir

Fanney Ó. Gunnarsdóttir

Guðný Margrét Siguroddsdóttir

Reiðskemmur

Á síðastliðna ári voru reistar þrjár reiðskemmur á félagssvæði Snæfellings. Í Stykkishólmi á svæði Hesteigendafélags Stykkishólms, í Ólafsvík á svæði Hesteigendafélags Hrings og á Lýsuhóli. Þá eru orðnar sjö reiðskemmur á svæðinu  sem eru bæði í eigu einkaaðila og félagasamtaka og er þetta gríðarlega mikil lyftistöng fyrir hestamennskuna á svæðinu. Nú er hægt að stunda hestamennskuna í hvernig veðrum sem er.  Töluvert hefur verið haldið af námskeiðum  í reiðskemmunum sem fólk er duglegt að sækja.  Í grunnskólanum í Grundarfirði var boðið uppá hestaval á haustönn þar sem 10 nemendur gátu fengið að kynnast hestamennsku. Í grunnskólanum í Stykkishólmi var líka boðið uppá hestaval á haustönn og einnig vorönn þar sem 5 nemendur eru í þessu vali.

## UMF Víkingur/Reynir

Víkingur/Reynir sér um barna- og unglingastarf á vegum ungmennafélaganna Víkings í Ólafsvík og Reynis á Hellissandi. Ungmennafélagið Reynir var stofnað árið 1934 og Víkingur árið 1928. Síðastliðin ár hafa félögin unnið saman í góðu samstarfi og munu áfram koma til með að gera áfram. Ein stjórn er yfir félögunum og vinna allir saman að heilbrigðri og fjöbreyttri íþróttaiðkun í Snæfellsbæ. Í stjórn Víkings/Reynis eru Rán Kristinsdóttir, Garðar Kristjánsson, Margrét Sif Sævarsdóttir, Þórhalla Baldursdóttir, Hrafnhildur Arna Árnadóttir, Berglind Magnúsdóttir og Ari Bent Ómarsson. Framkvæmdarstjóri félagsins er Þorsteinn Haukur Harðarson.

Tímabilið 2016-2017 var boðið upp á knattspyrnu, sund, frjálsar íþróttir og körfuknattleik og var starfið heilt yfir með afar sambærilegum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Knattspyrna:

Knattspyrnan var með sambærilegu sniði og verið hefur undanfarin ár. Björn Sólmar Valgeirsson sá um þjálfun á kvennaflokkum félagsins en karlamegin voru það Ejub Purisevic og Suad Begic sem sáu um þjálfunina. Líkt og undanfarin ár var stór hluti iðkenda okkar sem æfði knattspyrnu en yngri flokkar félagsins keppa á mótum undir merkjum Snæfellsnessambandsins sem er samstarfsverkefni milli Snæfellsbæjar, Grundarfjarðar og Stykkishólms. Sökum plássleysis hafa flokkar þurft að æfa saman líkt og undanfarin ár.

Í sumar aðstoðuðu margir leikmenn meistaraflokks karla á æfingum og nutu krakkarnir góðs af því.

Á veturna er æft í íþróttahúsi Snæfellsbæjar en þegar fer að vora er æft á Hellissandsvelli.

Sund: Það hefur verið uppgangur í sundinu undanfarin ár og það hélt áfram í vetur. Helen Billington sá um sundæfingarnar veturinn 2016-2017 en síðan tók Cristian Martinez Liberato við kennslunni. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir aldri og fóru æfingarnar fram í sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Stelpur og strákar æfa saman

Frjálsar íþróttir: Frjálsar íþróttir hafa notið vaxandi vinsælda í Snæfellsbæ að undanförnu og uppvöxturinn heldur áfram. Eva Kristín Kristjánsdóttir sá um kennsluna og eins og í sundinu er krökkunum skipt í tvo hópa eftir aldri. 1-4 bekkur annarsvegar og 5-10 bekkur hinsvegar.
Körfuknattleikur: Það var ekki mikið af iðkendum í körfubolta þennan veturinn og að honum loknum var ákveðið að halda ekki áfram að bjóða upp á æfingar í körfuknattleik. Lára Magnúsdóttir sá um þjálfunina og æfingarnar fóru fram í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fjáröflun: Íþróttastarf kostar töluverða fjármuni og til að standa straum af ýmsum kostnaði höfum við verið með fjáraflanir. Við sjáum um rekstur sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks karla og kvenna. Þá erum við einnig með sölu á klósettpappír og jólatrjám auk dósasöfnunar svo eitthvað sé nefnt.
Er það okkar mat að vel sé staðið að málum hjá okkur þrátt fyrir að við séum ekki stærsta félag á landinu. Samstarf milli okkar og foreldra iðkenda hefur almennt verið mjög gott, sérstaklega þegar kemur að skipulagningu keppnisferða.
Metnaður okkar liggur í að halda áfram að byggja ofan á öflugt íþróttastarf í Snæfellsbæ.

Víkingur Ólafsvík – mfl kk
Sumarið 2017 spilaði karlalið Víking Ólafsvík í Pepsídeildinni annað árið í röð og í þriðja skiptið á fimm árum.
Í stjórn knattspyrnudeildar sátu Jónas Gestur Jónasson, formaður, Hilmar Hauksson, Kristmundur Sumarliðason, Gunnar Helgi Baldursson, Marinó Mortensen og Gunnsteinn Sigurðsson.
Áfram urðu töluverðar breytingar á leikmannahópi liðsins á milli ára. Nacho Heras Anglada, Alonso Sanchez, Kwame Quee, Eric Kwakwa, Mirza Mujic, Guðmundur Steinn Hafsteinsson, Hörður Ingi Gunnarsson og Gunnlaugur Hlynur Birgisson komu nýir inn fyrir tímabilið. Gunnlaugur Hlynur og Guðmundur Steinn höfðu áður verið á mála hjá liðinu og snéru aftur eftir nokkura fjarveru.
Alonso, Hörður og Mirza yfirgáfu félagið á miðju tímabili og í þeirra stað komu litháensku bræðurnir Eivinas og Gabrielius Zarguskas.

Gengi liðsins á undirbúningstímabilinu var fremur brösugt en þar sem margir leikmenn voru ekki komnir til félagsins var notast við unga og efnilega heimamenn í flestum leikjum á vormánuðum. Áður en Íslandsmótið hófst fór Víkingur í æfingaferð til Spánar þar sem liðið sigraði Keflavík og gerði jafntefli við Stjörnuna.

Íslandsmótið hófst á töpum gegn Val og KR áður en liðið vann sinn fyrsta leik gegn Grindvíkingum í þriðju umferð. Eftir sex leiki var Víkingur í erfiðum málum með þrjú stig en liðið sótti svo 10 stig í næstu fimm leikjum þar á eftir. Má þar helst nefna frækna sigra gegn sterkum liðum FH og Stjörnunnar auk þess sem Víkingar unnu vesturlandsslaginn gegn ÍA á heimavelli.

Síðar átti liðið eftir að vinna tvo leiki til viðbótar, gegn Grindavík og ÍBV en liðið fékk að lokum 22 stig og setti persónulegt stigamet í efstu deild Íslandsmótsins. Það dugði því miður ekki til áframhaldandi veru í deild þeirra bestu og liðið mun því spila í Inkasso deildinni að ári.

Guðmundur Steinn Hafsteinsson var markahæstur í liði Víkings með 8 mörk en hann var þónokkuð meiddur undir lok mótsins. Næstur á eftir honum var Kenan Turudija með fimm mörk. Kenan ákvað eftir tímabilið að söðla um og mun leika með Selfyssingum á næsta ári.

Alls skoraði liðið 24 mörk og fékk á sig 44 í 6 sigurleikjum, fjórum jafnteflum og 12 tapleikjum í sumar.

Alls komu 23 leikmenn við sögu fyrir Víking í deildinni í sumar en einungis tveir þeirra, Cristian Martinez og Alfreð Már Hjaltalín, komu við sögu í öllum 22 umferðunum. Tomasz Luba og Emir Dokara voru elstu leikmenn liðsins í sumar en þeir eru fæddir árið 1986. Yngsti leikmaðurinn var hinsvegar Bjartur Bjarmi Barkarson en hann var einungis rúmlega 15 ára gamall þegar hann kom við sögu í deildarleik gegn Víkingi Reykjavík og varð í leiðinni yngsti leikmaður í sögu meistaraflokks félagsins. Bjartur er mikið efni og hefur hann nýverið verið valinn í U-16 ára landslið Íslands.

Víkingsliðið átti einn landsliðsmann á tímabilinu en Kwame Quee keppti fyrir heimaland sitt, Sierra Leone.

Strax eftir tímabilið varð ljóst að aftur yrðu þónokkrar breytingar á liðinu á milli ára. Þorsteinn Már Ragnarsson, Kenan Turudija, Cristian Martinez og Guðmundur Steinn Hafsteinsson eru á meðal leikmanna sem hafa ákveðið að róa á önnur mið.

Þá urðu breytingar á stjórninni en Jónas Gestur ákvað að stíga til hliðar sem formaður en í hans stað tók Jóhann Pétursson við stjórninni. Þá bættist Atli Gunnarsson einnig í stjórnina.
Þrátt fyrir fall og breytingar á mannskap er liðið ekki af baki dottið. Ejub Purisevic heldur áfram sem þjálfari Víkings Ó. og munu leikmannamál liðsins skýrast betur innan tíðar.

Víkingur Ólafsvík – mfl kvk

Meistaraflokkur kvenna hjá Víkingi Ólafsvík heldur áfram að vaxa og dafna en í ár tefldi félagið fram kvennaliði á Íslandsmóti í meistaraflokki fimmta árið í röð. Liðið spilaði í 1. Deild.
Eftir tímabilið 2016 urðu breytingar á stjórn meistaraflokkskvenna en í ár sátu Guðlaugur Mímir Brynjarsson, Harpa Finnsdóttir, Ásdís Lilja Pétursdóttir og Vilberg Ingi Kristjánsson í stjórninni. Björn Sólmar Valgeirsson þjálfaði liðið og honum til aðstoðar var Einar Magnús Gunnlaugsson.
Liðið tók þátt í tveimur mótum á undirbúningstímabilinu, Faxaflóamótinu og Deildarbikarnum. Þar tefldi Víkingur fram ungu liði og náði ekki að sigra leik.
Rétt fyrir Íslandsmótið mættust Víkingur og Þróttur í hörkuleik í Borgunarbikarnum sem lauk með naumum 1-0 sigri Þróttara.
Við upphaf Íslandsmótsins var liðið fyrir miklu áfalli þegar Samira Suleman, fyrirliði og markahæsti leikmaður liðsins, greindist með stórt æxli í maganum. Nokkrum vikum eftir greininguna fór Samira í aðgerð á Akranesi þar sem 1.400 gr æxli var fjarlægt. Samira kom því ekki meira við sögu hjá liðinu um sumarið en lauk þó lyfjameðferð í Ólafsvík og er á batavegi.
Þegar upp kom um veikindi Samiru var samstundis tekin ákvörðun um að hjálpa henni með öllum mögulegum ráðum. Þá var ákveðið að halda söfnun sem gekk vonum framar en auk bæjarbúa í Snæfellsbæ voru mörg kvennalið á landinu sem lögðu sitt af mörkum í söfnunina.
Samira kom til liðsins frá Ghana en með henni voru tveir samlandar hennar, Mary Esiful og Janet Egyr. Báðar léku þær stórt hlutverk með liðinu í sumar.
Heilt yfir var liðið sem Víkingur Ólafsvík notaði í Íslandsmótinu ungt en meðalaldur liðsins í sumar var sá lægsti í deildinni eða rétt um 17 ár. Elsti leikmaður liðsins var Freydís Bjarnadóttir en sá yngsti var Aníta Ólafsdóttir. Fjölmargar stelpur í liðinu léku bæði með þriðja flokki og meistaraflokki. Þá voru einnig stelpur sem voru gjaldgengar með fjórða flokki félagsins.

Þrátt fyrir góða spilamennsku á löngum köflum í sumar var það hlutskipti Víkings að falla um deild og spilar liðið því í 2. deild á næsta tímabili. Liðið lék 18 leiki á Íslandsmótinu og vann þrjá, gerði tvö jafntefli og tapaði 13 leikjum. Liðið skoraði 12 mörk, fékk 46 mörk á sig og hafnaði í 9. sæti af 10 liðum.

Alls komu 28 leikmenn kvennaliðsins við sögu á Íslandsmótinu í sumar en fjölmargir þeirra voru ekki í fótboltanum af fullri alvöru og tóku einungis þátt í örfáum leikjum. Tveir erlendir leikmenn, hin sænska Johanna Engberg og hin norska Stine Lossius, komu tímabundið til liðsins og léku sitthvora fjóra leikina með liðinu.

Birta Guðlaugsdóttir, Fehima Líf Purisevic, Janet Egyr, María Ósk Heimisdóttir og Mary Essiful léku alla 18 leiki Víkings á Íslandsmótinu í sumar.

Markahæstar voru þær Birgitta Sól Vilbergsdóttir, Johanna Engberg, Fehima Purisevic, Unnbjörg Jóna Ómarsdóttir og Mary Essiful með tvö mörk hver. Kolfinna Ólafsdóttir og Regína Sigurjónsdóttir skoruðu svo sitthvort markið.

Ungu stelpurnar í liðinu vöktu verðskuldaða athygli fyrir framgöngu sína og voru nokkrar þeirra viðloðnar yngri landslið Íslands. Aníta Ólafsdóttir, markvörður, var valin á úrtaksæfingar U-16 ára landsliðsins og þær Fehima Purisevic og Birta Guðlaugsdóttir æfðu með U-17 landsliðinu. Birta var síðan í lykilhlutverki með landsliðinu sem tók þátt í mótum á erlendri grundu og þótti hún standa sig með prýði. Birta var síðan útnefnd íþróttamaður ársins hjá Víkingi.

Nokkrar breytingar hafa nú þegar orðið eftir að tímabilinu lauk. Stúlkurnar frá Ghana eru farnar heim og ekki er gert ráð fyrir því að þær komi aftur. Þá samdi Birta Guðlaugsdóttir við Stjörnuna í Garðabæ. Þegar þetta er skrifað eru þjálfaramál liðsins ekki komin á hreint.

Ný stjórn tekur til starfa og er það stefna hennar að halda áfram að skapa öfluga hefð fyrir kvennaknattspyrnu á Snæfellsnesi og mun félagið kappkosta að senda samkeppnishæft lið til keppni í 2. deildinni næsta sumar.

## Skotfélag Snæfellsness

Á nýliðnu ári fagnaði Skotfélag Snæfellsness 30 ára starfsafmæli og má segja að þetta hafi verið mjög viðburðaríkt ár, það allra besta í sögu félagsins. Hér verður farið lauslega yfir helstu viðburði ársins 2017.

Vetrarstarfsemi

Framan af ári var veturinn óvenju góður fyrir okkur skotfólk, en mánuðirnir janúar, febrúar og mars eru okkur oft erfiðir því venjulega er þungfært eða ófært inn að æfingasvæðinu okkar. Árið 2017 var hinsvegar alveg snjólaust framan af ári og minnti helst á góða vordaga. Notkunin á æfingasvæðinu var eftir því, en það var mjög mikið notað í allan vetur.

Fyrsta skóflustungan tekin að nýju skothúsi



Í lok febrúar var fyrsta skóflustungan tekin að langþráðu skothúsi sem mun gera alla aðstöðu til skotæfinga hér á Snæfellsnesi betri og sá tími sem hægt er að stunda skotæfingar mun lengjast. Um er að ræða 75m$^2$ skothús með 6 riffilborðum og gert er ráð fyrir því að hægt verði að skjóta úr standandi stöðu á milli borðanna. Þá verður húsið einnig búið litlu herbergi fyrir mótsstjórn og dómara.

Slíkt hús hefur verið í umræðunni í um 30 ár eða allt frá stofnun félagsins, en þá var hugmyndin að reisa skýli yfir núverandi útiborð. Svo spannst umræðan yfir í húsbyggingu þegar önnur skotfélög hér á landi fóru að byggja slík hús og nú er slíkt hús að verða að veruleika hjá Skotfélagi Snæfellsness.

Skothúsið

Á meðan fyrsta skóflustungan var tekin byrjaði að snjóa og það snjóaði og snjóaði og fór allt á kaf og því tafðist uppsteypa á sökklunum um nokkrar vikur. Það var svo í byrjun maí að hópur sjálfboðaliða kom saman til að undirbúa sökkulsmíðin. Flytja þurfti töluvert af byggingarefni inn að æfingasvæðinu og í fyrstu átti bara að flytja efni inneftir og undirbúa en félagsmenn voru svo

áhugasamir að byrja að unnið var fram í myrkur og nokkrum mótum var stillt upp. Næstu daga og kvöld var svo unnið streitulaust við mótauppslátt og steypuvinnu.











Aðalfundur



Aðalfundur Skotfélags Snæfellsness var haldinn þann 25. maí á veitingahúsinu Hrauni í Ólafsvík. Mætingin var mjög góð, fundaraðstaðan alveg til fyrirmyndar og fengum við mjög góða þjónustu og mat. Smávægilegar breytingar voru gerðar á stjórn félagsins, stofnuð var vallarnefnd og veittar voru viðurkenningar svo eitthvað sé nefnt.

Heiðursfélagar



Á áðurnefndum aðalfundi þann 25. maí heiðraði félagið 3 félagsmenn fyrir óeigingjörn sjálfboðaliðastörf, með því að gera þá að heiðursfélögum félagsins. Það voru þeir Karl Jóhann Jóhannsson, Birgir Guðmundsson og Unnsteinn Guðmundsson sem voru heiðraðir, en allir voru þeir stofnendur að félaginu fyrir 30 árum.
Þeir hafa allir verið lykilmenn í starfi félagsins síðustu áratugina og án þeirra væri félagið ekki eins öflugt og það er í dag. Þá voru þeir einnig heiðraðir með starfsmerki ÍSÍ og afhenti Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ þeim heiðursmerkin.

Með hækkandi sól tók síðan við hver viðburðurinn af öðrum s.s. riffilmót, skemmtikvöld, leirdúfumót, unglingakvöld, konukvöld, skotvopnanámskeið, skotvopnasýning og lengi má telja. Á 15 vikna tímabili yfir hásumarið voru 11 stórir viðburðir skipulagðir af félaginu og má því segja að það hafi verið nóg að gera. Þar fyrir utan var æfingasvæði félagsins í stöðugri notkun, en þar er skotið nánast daglega allt árið um kring, bæði af félagsmönnum og öðrum.

Sjómannadagsmót

Þann 8. júní var árlegt sjómannadagsmót Skotfélags Snæfellsness haldið á æfingasvæði félagsins. Þetta var í fimmta skipti sem þetta mót var haldið í samvinnu við sjómannadagsráð og heppnaðist mótið ótrúlega vel. Lið sjómanna fór með sigur af hólmi þetta árið og stöðvaði þar með sigurgöngu Landsliðsins sem unnið hafði síðastliðin tvö ár. Sjómenn leiða því keppnina núna 3-2 og fengu farandbikarinn afhentan við mikinn fögnuð.







Einnig voru veitt verðlaun fyrir bestan árangur einstaklina og í konuflokkinum sigraði Mandy, í öðru sæti var Karen Ósk og í þriðja sæti var Aðalheiður Lára. Í karlaflokkinum var keppnin mjög jöfn og spennandi og munaði aðeins einu stigi á milli tveggja efstu manna. Þar tók Unnsteinn fyrsta sætið, Gísli Valur annað sætið og Guðmundur Andri tók þriðja sætið eftir spennandi bráðabana um verðalaunasæti.

Að móti loknu var haldin grillveisla og einnig var haldin keppni í riffilskotfimi með 22.cal rifflum og voru aukaverðlaun í boði. Öllum var boðið að taka þátt, bæði keppendum og áhorfendum en keppnin var fólgin í því að hitta skotmörk á sem skemmstum tíma. Svo fór að Guðmundur Andri náði besta tímanum og fékk að launum gjafakort frá veitingahúsinu "59 Bistró bar" að verðmæti 10.000 kr.

17. júnímót - riffilmót

Um miðjan júní var árlegt 17. júní mót félagsins í riffilskotfimi haldið á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Þátttakan var mjög góð og fengum við góða gesti í heimsókn frá Skotfélaginu Markviss frá Blönduósi og Skotfélagi Vesturlands úr Borgarnesi. Keppt var í tveimur flokkum, annars vegar 22. cal flokki á 50m færi og hins vegar með stærri veiðirifflum á 100m færi. Þetta er mjög skemmtilegt mót sem fer stækkandi ár hvert.

Keppnin var mjög jöfn og spennandi og munaði litlu á efstu mönnum. Í 22.cal flokkinum sigraði Heiða Lára í flokki kvenna, Dagný Rut var í öðru sæti og Mandy í þriðja sæti. Í karlaflokkinum sigraði Pétur, í öðru sæti var Jón (Jónbi) frá Markviss og í þriðja sæti var Gummi Reynis. Í flokki veiðiriffla var ekki kynjaskipt en þann flokk sigraði Guðmundur Andri, í öðru sæti var Unnsteinn og í því þriðja var Mandy.






Jónsmessuskemmtun

Þann 24. júní var haldin Jónsmessuskemmtun á æfingasvæði félagsins. Hún fór þannig fram að félagsmenn fundu til ýmislegt „dót" úr byssuskápunum hittust á æfingasvæðinu að kvöldi til og

skutu saman langt fram eftir nóttu. Þetta var í annað skipti sem þessi viðburður var haldinn og er sennilega með því skemmtilegasta sem við höfum gert að margra mati.




138 ára gamall riffill



Það var mjög skemmtileg uppákoma á æfingasvæði félagsins á Jónsmessuskemmtuninni þegar Steini gun mætti með 138 ára gamlan riffil og hleypti af einu skoti. Um er að ræða 1879 módelið af Remington rolling block og sennilega hefur ekki verið skotið úr í einhver 100 ár. Þetta er 50.calibera riffill sem Steini eignaðist sumarið 2013 og er búinn að vera að gera upp síðan. Hann steypti í hann kúlur og hlóð eitt skothylki til að prófa. Það lukkaðist líka svona vel að nú er Steini farinn að hlaða fleiri skot. Þessi viðburður var alveg til að toppa frábært Jónsmessukvöld.

Skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn

Á hverju sumri býður Skotfélag Snæfellsness upp á verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og var þar engin undantekning í ár. Þetta var fimmta árið sem við bjóðum upp á slík próf og var aðsóknin svipuð og fyrri ár og árangur veiðimanna sömuleiðis svipaður eða um 71% á móti 29% falli.

Skotvopnasýning

Skotfélag Snæfellsness var með skotvopnasýningu í Ólafsvík fyrstu helgina í júlí, en þá fór fram bæjarhátíðin "Ólafsvíkurvaka 2017".  Þar voru til sýnis skotvopn af öllum gerðum, búnaður fyrir íþróttaskotfimi, skotveiðibúnaður o.fl. ásamt kynningu á félaginu okkar.  Sýningin var mjög vel sótt og fengum við mjög góð viðbrögð við sýningunni.





Sýningin heppnaðist ótrúlega vel og var hin mesta skemmtun, bæði fyrir sýningargesti og ekki síður fyrir þá félagsmenn sem stóðu að sýningunni.  Hægt er að skoða fullt af myndum frá sýningunni á heimasíðu félagsins.




Vel heppnað riffilmót – Hunter class

Þann 16. júlí var haldið innanfélagsmót í riffilskotfimi með veiðirifflum.  Það voru svolítið krefjandi aðstæður vegna hliðarvinds, en annars var flott veður.  Þátttakan í mótinu var góð og skotið var bæði á 100m og 200m.



Í flokki kvenna sigraði Dagný Rut, í öðru sæti var Mandy og í þriðja sæti var Heiða Lára. Í flokki karla sigraði Guðmundur Andri, í öðru sæti var Jón Pétur og Unnsteinn í því þriðja.



Ungmennakvöld

Ungmennakvöld var haldið á æfingasvæði félagsins þann 25. júlí, en það var haldið í aðdraganda bæjarhátíðarinnar „Á góðri Stund" í Grundarfirði og var hluti af dagskrá hátíðarinnar. Þar buðum við ungi fólki að koma og kynna sér skotíþróttina og allir gátu fengið að prófa að skjóta. Þetta var alveg hrikalega gaman og upprunalega ætluðum við bara að vera í tvo klukkutíma, en þar sem veðrið var alveg ómótstæðilegt og þátttakan góð þá var ekki hægt að hætta. Þetta heppnaðist alveg rosalega vel og var ekki annað að sjá en að allir hafi farið heim með bros á vör.





Dagný Rut fékk bronsverðlaun á Akureyri

Fimmtudaginn 10. ágúst fór fram Akureyrarmeistaramót í BR 50 á skotæfingasvæði Skotfélags Akureyrar. 11 keppendur voru mættir til leiks og þar af 3 frá Skotfélagi Snæfellsness, en það voru þau Dagný Rut Kjartansdóttir, Eymar Eyjólfsson og Eyjólfur Sigurðsson. Dagný Rut gerði sér lítið fyrir náði í bronsverðlaun, en hún keppti í karlaflokki.




Refamót

Um miðjan ágúst fór fram árlegt Refamót Skotfélags Snæfellsness. 16 keppendur voru skráðir til leiks og það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu margir gestakeppendur mættu, en 9 keppendur af 16 voru utanfélagsmenn. Úrslit mótsins fóru á þann veg að Jens Jónsson varð í fyrsta sæti, annað sætið tók Stefán Eggert Jónsson og í þriðja sæti var Guðmundur Andri Kjartansson.

Við stefnum að sjálfsögðu á að halda annað refamót á næsta ári og þá verðum við vonandi búin að taka í notkun nýja aðstöðu til að skjóta úr liggjandi stöðu og nýja riffilbraut.






Konukvöld

Næst var komið að því að halda konukvöld þar sem öllum áhugasömum stelpum og konum var boðið að fræðast um skotvopn og skotfimi og einnig boðið að prófa að skjóta úr rifflum, haglabyssum og skammbyssum. Þetta var í annað skipti sem Skotfélag Snæfellsness skipuleggur slíkt konukvöld, en það var svo mikil ánægja með konukvöldið á síðasta ári að ákveðið var að halda slíkt aftur á þessu ári.

Mætingin var mjög góð og var ekki annað að sjá en að allir hafi verið sáttir eftir kvöldið, bæði þátttakendur og leiðbeinendur. Nú þegar er farið að ræða um að halda annað konukvöld að ári og er þessi viðburður því líklega kominn til að vera.








Pæjumótið

Konurnar hafa komið svo sterkar inn og verið duglegar að mæta á konukvöldin að ákveðið var árið 2016 að halda sérstakt konumót sem einungis var ætlað stelpum og konum. Mótið fékk nafnið „Pæjumót“ og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Því var ákveðið að halda aftur Pæjumót á þessu ári og aftur var mætingin fram úr björtustu vonum, en alls tóku 15 konur þátt. Keppendum

var skipt í tvo flokka, annars vegar þær sem keppt höfðu áður og hins vegar þær sem aldrei höfðu keppt áður og veitt voru verðlaun í báðum flokkum. Í flokki þeirra sem ekki höfðu keppt áður náði Lydía Rós Unnsteinsdóttir bestum árangri og fékk fyrstu verðlaun. Önnur verðlaun fékk Anna Karen Ingibjargardóttir og þriðju verðlaun fékk Sigríður Hjálmarsdóttir.

Í flokki þeirra sem keppt höfðu áður náði Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir bestum árangri, Mandy Nachbar var í öðru sæti og Dagný Rut Kjartansdóttir var í þriðja sæti. Heilt á litið heppnaðist mótið mjög vel og stefnt er að því að halda þetta mót aftur á næsta ári.














Skotvopnanámskeið

Um miðjan september var haldið skotvopnanámskeið í samstarfi við Umhverfisstofnun. Þetta var í þriðja skipti á síðustu fjórum árum sem Skotfélag Snæfellsness heldur skotvopnanámskeið í samvinnu við Umhverfisstofnun og að þessu sinni voru 14 þátttakendur skráðir á námskeiðið. Skotfélag Snæfellsness sá um verklega kennslu og byrjað var á því að fara yfir umgengnisreglur um skotsvæði og örugga meðferð skotvopna og svo fengu nemendur að kynnast mismunandi gerðum af skotvopnum. Svo fengu allir að prófa að skjóta úr haglabyssum, rifflum, stærri veiðirifflum og skammbyssum. Við fengum alveg frábært veður og það var skotið alveg fram í myrkur. Hópurinn stóð sig mjög vel og vonandi munum við sjá þau sem flest á æfingasvæðinu í framtíðinni.

Heimsókn frá fulltrúum ÍSÍ



Í lok september komu hingað á Snæfellsnesið fulltrúar Íþróttasambands Íslands í stutta heimsókn og var tilgangur ferðarinnar að hitta fulltrúa Héraðssambandsins og aðildarfélaga þess. Hópurinn hittist í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði þar sem spjallað var stutta stund og boðið upp á súpu. Skotfélag Snæfellsess átti einn fulltrúa á fundinum og kynnti hann starfsemi félagsins og framtíðarstefnu, en tilgangur heimsóknarinnar var einmitt líka að kynna sér starfsemi aðildarfélaganna og aðstöðu þeirra til æfinga. Að fundarhöldum loknum fór hópurinn í skoðunarferð um svæðið og kynnti sér æfingaaðstöðu félaganna.

Afmælismót

Þann 10. október fagnaði Skotfélag Snæfellsness 30 ára starfsafmæli og af því tilefni var haldið afmælismót í leirdúfuskotfimi þann 14. október. Bestum árangri í karlaflokki náði Guðmann Jónasson frá Markviss á Blönduósi. Í öðru sæti var Gísli Valur Arnarson og í þriðja sæti var Unnsteinn Guðmundsson.

Einnig var keppt í flokki kvenna og fékk Snjólaug María Jónsdóttir frá Markviss fyrstu verðlaun, en hún var jafnframt eini keppandinn í þeim flokki að þessu sinni.

Fengum við að gjöf áletraðan skjöld frá Skotfélaginu Markviss í tilefni af 30 ára afmæli félagsins sem Aðalheiður Lára gjaldkeri félagsins veitti viðtöku.





Aðstaða fyrir skammbyssuskotfimi

Í byrjun nóvember hittu 3 fulltrúar Skotfélags Snæfellsness fulltrúa úr bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar og bæjarstjóra og skoðað var húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem við höfðum haft augastað á fyrir skammbyssuskotfimi í vetur. Um er að ræða bráðabyrgða húsnæði, en félagið er að stofna skammbyssudeild innan félagsins og er að leita að hentugu framtíðar húsnæði.

Fulltrúar Skotfélags Snæfellness kynntu hugmyndir félagsins og fengum við mjög jákvæð viðbrögð. Það var búið að vera langur aðdragandi að þessum fundi og margir undirbúningsfundir höfðu verið haldnir og samkomulag náðist um afnot af húsnæðinu. Næsta skref er að ganga frá skriflegum samningi um afnot af húsnæðinu, fá tilskilin leyfi fyrir starfseminni og smíða þann

búnað sem til þarf.  Við getum því vonandi farið að hefja skotæfingar innan skamms.  Við munum svo að sjálfsögðu halda áfram að leita að varanlegu húsnæði.





Guðmundur Andri tilnefndur sem íþróttamaður ársins

Guðmundur Andri Kjartansson félagsmaður í Skotfélagi Snæfellsness var í lok árs tilnefndur sem íþróttamaður Grundarfjarðar árið 2017.  Fimm einstaklingar eru tilnefndir en auk Guðmundar voru það Rúnar Þór Ragnarsson (körfuknattleikur), Helga Ingibjörg Reynisdóttir (Golf), Svana Björk Steinarsdóttir (blak) og Þorsteinn Már Ragnarsson (knattspyrna).



Guðmundur Andri var síðar útnefndur Skotíþróttamaður HSH á 77. Héraðsþingi HSH þann 11. Desember.

Þingstörf




77. Héraðsþing HSH var haldið um miðjan desember og átti Skotfélag Snæfellsness 3 fulltrúa á þinginu, en Skotfélag Snæfellsness fékk inngöngu í HSH árið 2002 og hefur starfað undir merkjum þess frá árinu 2003. Þingið var mjög vel sótt og var flott þing í alla staði. Farið var yfir hefðbundin þingstörf, ný stjórn var kosin og veittar voru viðurkenningar fyrir vel unnin störf svo eitthvað sé nefnt.

Þá átti félagið einnig fulltrúa á Formannsfundi STÍ þann 2. desember, en gjaldkerinn okkar Aðalheiður Lára sótti þann fund sem fulltrúi félagsins.

Gamlársmót

Frábæru starfsári Skotfélags Snæfellsness árið 2017 lauk svo með skemmtilegu "Gamlársmóti" í leirdúfuskotfimi. Við fengum alveg frábært veður en það var alveg logn og mikið frost, en það er ekki eitthvað sem heitt súkkulaði og kökur gátu ekki lagað. Þetta var alveg svakalega skemmtilegt mót sem Unnsteinn Guðmundsson sigraði með miklum yfirburðum en bráðabana þurfti til að

skera úr um annað og þriðja sæti. Jón Pétur endaði að lokum í öðru sæti og Guðmundur Andri í því þriðja.




Árið 2017 var heilt á litið alveg frábært ár og án efa það besta í sögu félagsins. Það er búið að vera nóg um að vera, auglýstir viðburðir hafa verið mjög vel sóttir og félagsmönnum er sífellt að fjölga. 18 nýir félagsmenn hafa bæst við á félagaskrá hjá okkur á þessu ári og eru félagsmenn nú orðnir 153 og hafa aldrei verið fleiri. Við vonum svo sannarlega að þessi jákvæða þróun muni halda áfram og við göngum bjartsýn inn í nýtt ár.

Formaður Skotfélags Snæfellsness, Jón Pétur Pétursson

## Golfklúbburinn Jökull

Starfsemin í Golfklúbbnum Jökli var með miklum ágætum í sumar. Alla þriðjudaga héldum við innanfélagsmót og var góð mæting. Klúbburinn var með eitt opið mót sem haldið var í samvinnu við Hraðfrystihús Hellissands hf. Völlurinn var í frábæru standi í allt sumar og var honum vel við haldið af starfsfólki klúbbsins. Með aukinni komu ferðamanna til Snæfellsness, þá hafa innlendir ferðamenn nýtt sér völlinn og er það vel. Aukinn áhugi virðist vera að vakna hjá kvenfólki, og lögðu þær margar leið sína á námskeið sem haldið var í Grundarfirði í sumar, og er það von stjórnarinnar að þær verði duglegar að láta sjá sig á vellinum næsta sumar. Í undirbúningi eru breytingar á brautum vallarins. Þá bindum við vonir við að hægt verði að taka í notkun nýja flöt á fyrstu brautinni næsta sumar.

Í sumar var byggð vélageymsla á svæði golfklúbbsins sem var orðið tímabært. Við það gjörbreytist aðstaða til viðhalds og geymslu á tækjum klúbbsins.

Að lokum viljum við hvetja alla til að kynna sér þessa skemmtilegu íþrótt sem golfið er og mæta inná völl og byrja að æfa.

Með golfkveðju,

Stjórn Golfklúbbsins Jökuls.

## Golfkúbburinn Vestarr

Árið 2017 var viðburðarríkt ár hjá Golfklúbbnum Vestarr.  Birgir Magnússon PGA kennari hóf kennslu á vormánuðum og fram á haust. Þeir kylfingar sem nýttu sér kennslu hjá honum voru hæst ánægðir með þjónustuna. Kylfingar frá nágrönnum okkar í Jökli komu stöku sinnum og nýttu þjónustu Magnúsar. En því miður var þátttaka kylfinga langt frá því að vera næg til að halda áfram með kennslu með sama fyrirkomulagi og var það vonbrigði bæði fyrir stjórn Vestarr og Magnús. Til skoðunar er að leggja kennslu upp með breyttu fyrirkomulagi næsta sumar ef samningar nást við Magnús en vilyrði er hjá báðum aðilum fyrir áframhaldandi samstarfi.

Í sumar var einnig samið við þær stöllur Þórey og Steinunni um umsjón í skála og sölu veitinga. Að hafa starfsmann í skála við þjónustu og veitingasölu breytir miklu við starf klúbbsins og gefur færi á því að kyflingar setjist niður, njóti veitinga og taki spjall um leikinn og lífið almennt. Er ætlunin að halda þessu starfi þeirra áfram á komandi sumri. Þess má geta að auki sinntu þær léttu viðhaldi við skálann.

Mótahald var ágætt en af orsökum sem við ráðum ekki við var þátttaka lakari en við vorum að vonast eftir. Íslandsmót golfklúbba 2. deild kvenna var haldin á Bárarvelli og voru allir sammála um einstaklega vel hefði tekist til. Völlurinn var mjög góður, veitingar og umgjörð til fyrirmyndar. Og veður eins og best verður ákosið. Sennilega bestu dagar sumarsins komu einmitt þá. Því miður urðu tekjur félagsins lakari af mótinu en til stóð vegna reglna GSÍ um dómgæslu í mótinu. Það varð til þess að við urðum að kaupa þjónustu golfdómara með tilheyrandi kostnaði. Lagt var fyrir dómaranefnd GSÍ að reglum sambandsins verði breytt fyrir næst keppnistímabil en að óbreytti þá er þetta mjög íþyngjandi fyrir mótshaldara og jafnvel útilokar suma klúbba til mótshalds á mótinu.

Við fjárfestum lítilræði á árinu en einna helst má þar nefna sáningarvél til sáningar í flatir, sú vél var keypt í samstarfi við aðra klúbba á Nesinu. Notkun vélarinnar bætir gæði flatanna mikið og jafnframt er nýting á sáningu fræja mun betri. Gamla brautarvélin í

Hólminum var keypt í  varahluti ásamt því að keyptur var bíll til að ferja vélar á milli bæjar og vallar.  Gott samstarf var við Fangelsið á Kvíabryggju en vistmenn sáu um viðhald tækja og einnig vorum við með 2 menn við vinnu á vellinum við slátt og viðhald ýmiskonar. Rekstur klúbbsins var örlítið þungur og spilar þar margt inn, eitthvað sem við áttum erfitt með að bregðast við eða breyta. Framundan er vinna og skipulagning við að lagfæra þá hluti í rekstrinum sem við ráðum við.

Samningur við landeigendur í Suður-Bár um Bárarvöll rann út nú á haustmánuðum og að óviðráðanlegum orsökum er ekki hægt að framlengja hann að svo stöddu en  klúbburinn hefur samþykki landeigand um áframhaldandi notkun á vellinum og sameiginlegur áhugi er á að ganga frá langtíma samningi þegar þau skilyrði verða til staðar.  Samningur við Grundarfjarðarbæ hefur verið uppfærður og er undirritun hans á dagskrá aðalfundar. Samningur þessi styrkir frekar rekstraröryggi klúbbsins og ber það að þakka. Því miður hefur sveitarfélagið ekki haft borð fyrir báru um að styrkja klúbbinn með framlögum til framkvæmda en töluverð þörf er komin á að setja upp vökvunarkerfi, byggja upp flatir, setja upp teiga samkvæmt framtíðarskipulagi og ýmist annað viðhald á vellinum sjálfum sem setið hefur á hakanum í allt of mörg ár. Laust fjármagn hefur farið í að koma upp góðum tækjum til umhirðu vallar og svæða sem slegin eru fyrir Grundarfjarðarbæ. Áríðandi er orðið að koma upp varanlegu húsnæði fyrir vélar og tæki, bæði til geymslu og notkunar við viðhald tækja, vélarskemmu. Einnig þarf að huga að því að koma upp salernisaðstöðu sem væri opin allt árið en slík aðstaða getur opnað á þann möguleika að skálinn væri nýttur til útleigu ekki bara á sumrin heldur líka yfir vetrarmánuðina.

Garðar Svansson

Formaður Golfklúbbsins Vestarr

Formaður mótanefndar, Gunnar Ragnarsson, fer yfir skýrslu nefndarinnar.

**Skýrsla mótanefndar**

Starfssemi mótanefndar var með rólegra móti þetta árið. Fyrsta mót sumarsins var Háforgjafamótið spilað 14.05.2017, spilað samhliða fyrstu mótaröð Vestarr. Frekar dræm þátttaka var í flestum mótum sumarsins og ljóst að endurskoða verður mótafyrirkomulag til að efla þátttöku kylfinga í mótum, til dæmis með fjölbreyttari mótum og fleiri níu holu mótum.



G.RUN mótið var á sýnum stað og vakti sömu lukku og undanfarin ár en keppendur voru 56. Aftur var spilaður fjögurra manna texas, þar sem það tókst með eindæmum vel í fyrra og voru allir ánægðir eftir mótið. Eigendur G.RUN djúpsteiktu fisk og franskar fyrir mótsgesti að móti loknu og buðu uppá góðan vökva með. Einnig voru undirritaðir samningar, að móti loknu, við Marel vegna kaupa G.RUN á vinnslulínu og voru yfir 100 manns viðstaddir það.

Nú jæja, Íslandsmót golfklúbbanna, 2. deild kvenna, var haldið á Bárarvelli og var öll umgjörð um það hin glæsilegasta.

Aftur var reynt að koma nýju móti á, í stað Snæfellsnesmótaraðarinnar sem fékk nafnið Umhverfis Snæfellsnes á 2 dögum. Einhver ósamstaða var um fyrirkomulag og var því frestað, en rætt um að koma því á aftur á næsta ári.

Meistaramótið var haldið 20.06 - 23.06. 20 keppendur voru skráðir til leiks en 19 luku leik. Eins og undanfarin ár fengum við öll veðurbrigði á þessu móti og varð til dæmis að fella fyrsta daginn niður vegna veðurs. Í mótslok var grillað að venju.

Sú nýjung var að 59 Bistró Bar hélt skemmtimót sem lukkaðist mjög vel þó veðrið hafi ekki verið eins og best verður á kosið. Frábærar veitingar, bæði í mótsbyrjun og einnig að móti loknu. Eins og á öðrum mótum hefði þátttaka mátt vera meiri.

Soffamótið var haldið á föstudeginum á Góðri Stund í Grundarfirði en þar mættu 49 til leiks. Veðrið lék við mótsgesti eins og oft áður, verðlaunaafhending fór fram á hátíðarsvæði á laugardeginum.

Kristmundsbikarinn var haldinn og var ágætis þátttaka í honum.

Seinni umferð Ryder Vestarr/Mostri fór fram á Bárarvelli 9. september og gerðu Vestarrmenn sér lítið fyrir og unnu þetta árið, vel gert karlar!! Upp kom sú hugmynd að konur myndu spila samhliða körlum í Ryder og verður það skoðað betur með hækkandi sól.

Árshátíðarmót var haldið í lok september í einmuna veðurblíðu. Ágætis þáttaka var á mótinu. Um kvöldið var haldin árshátíð þar sem hátt í fjörtíu manns mættu og áttu frábæra kvöldstund saman.



Bikarkeppnin var felld niður þetta árið.

Kaupfélagstjórinn féll niður þetta árið! sem og Vestarr-Valkyrjan og Víkingurinn.

Grundarfirði 11.mars 2018

Fyrir hönd mótanefndar.

Helga I Reynisdóttir- Systa ritari

Gunnar Ragnarsson – formaður.

Formaður skálanefndari, Systa Reynisdóttir, fer yfir skýrslu nefndarinnar.

Golfklúbburinn Vestarr.

Skýrsla Skálanefndar starfsárið 2017

Skálanefnd annast eftirlit með skálanum í samstarfi við starfsmenn klúbbsins og gjaldkera og gengur eftir því að skálinn og umhverfi hans sé ávallt hreint og snyrtilegt.



Starf skálanefndar var hefðbundið þetta ár eins og fyrri ár. Skálinn var þrifinn í upphafi sumars eins og vanalega. Skálanum var haldið hreinum og snyrtilegum.

Síðastliðið sumar var loksins afrekað að versla og setja hjóðeinangrandi plötur í lofið og er mikill munur til hins góða á hávaðamengun innanhúss.

Útibekkir og pallur voru málaðir.

Þær Steinunn og Þórey voru ráðnar til að starfa í skálanum síðasta sumar og var mikil ánægja með öll þeirra störf. Þær hafa verið ráðnar aftur til starfa næsta sumar. Árshátíð klúbbsins var haldin með pomp og prakt í skálanum og fór vel um alla 40 gestina sem sóttu árshátíð þetta árið!

Grundarfirði 12. mars 2018

Helga Ingibjörg Reynisdóttir – Systa formaður skálanefndar.

## Íþróttafélag Miklaholtshrepps

Starf á vegum ÍM var ekkert árið 2016, en nokkrir félagar stunduðu körfubolta-æfingar yfir vetrartímann.

Ekki barst skýrsla frá UMF Eldborg

## SamVest

**SAMVEST samstarfið í frjálsíþróttum – starfsskýrsla 2017**

**Héraðssamböndin HHF, HSH, HSS, UDN, UMFK, UMSB og USK**

SamVest er frjálsíþróttasamstarf sjö héraðssambanda á vesturhluta landsins; frá Kjalarnesi til Stranda og sunnanverðra Vestfjarða. Samstarfið hófst 2012 og eru Frjálsíþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands aðilar að samstarfsyfirlýsingu aðila.

Markmið samstarfs er „útbreiðsla og efling frjálsra íþrótta: að auka ástundun og gera frjálsíþróttir að aðlaðandi og ánægjulegum kosti fyrir börn og ungmenni á starfssvæðinu." Frjálsíþróttastarf er misumfangsmikið hjá aðildarsamböndunum og félögum þeirra. Trú aðila er að með samstarfinu geti félögin gert meira en hvert fyrir sig; boðið betri þjónustu og aukið fjölbreytni í starfinu.

Frá apríl 2015 hefur SamVest átt samstarf við frjálsíþróttadeild FH og haldið samæfingar sínar í frábærri frjálsíþróttaaðstöðu í Kaplakrika í Hafnarfirði undir leiðsögn þjálfara frá FH. Samningur við FH heimilar iðkendum SamVest að mæta á einstakar æfingar hjá frjálsíþróttadeild FH og þau sem eru við nám á höfuðborgarsvæðinu hafa aðgang að æfingum FH í Kaplakrika gegn sama gjaldi og FH-ingar.

Starfsemin árið 2017

Samstarfið vill gefa iðkendum tækifæri til að æfa við bestu aðstæður og heldur að jafnaði þrjár **samæfingar í Kaplakrika** að vetri fyrir 10 ára og eldri. Kaplakrikaæfing ársins varð reyndar aðeins ein, haldin í febrúar, en að auki var bikarliði boðið uppá sumaræfingu í Borgarnesi.

SamVest hélt **æfingabúðir í frjálsum að Laugum í Sælingsdal** 4.-5. mars, en þangað mættu 32 krakkar frá 4 héraðssamböndum. Undirbúningur og skipulag var í höndum SamVest og UDN. Gestaþjálfari á laugardeginum var Hermann Þór Haraldsson og aðstoðarþjálfari Kormákur Ari Hafliðason, báðir úr FH. Að öðru leyti voru það þjálfarar SamVest sem sáu um æfingar og

utanumhald, þær Kristín Halla Haraldsdóttir UMFG, Eva Kristín Kristjánsdóttir Umf. Víkingi/Reyni og Sigríður Drífa Þórólfsdóttir, HSS.

**Árlegt sumarmót SamVest** var haldið í Borgarnesi, 9. júlí, en mótið er fyrir alla aldursflokka. Þátttakendur voru um 90 talsins, á aldrinum 5 til 16 ára. Heimafólk í UMSB var í lykilhlutverki við framkvæmd mótsins sem tókst mjög vel. Allir þátttakendur fengu sendar húfur frá SamVest með áletrun að eigin vali í framhaldi af mótinu.

SamVest sendi sameiginlegt lið í **Bikarkeppni FRÍ** fyrir 15 ára og yngri, bæði í innanhússkeppnina í Laugardalshöll í mars og í utanhússkeppnina sem fór fram í ágúst á Akureyri. Liðið átti einn keppanda í næstum hverri mótsgrein og komu þeir úr ýmsum félögum á starfssvæði SamVest. Allir keppendur í bikarliði fá boli merkta SamVest og sameiginlegur þjálfari fylgir liðinu.

Í framkvæmdaráði SamVest árið 2017 voru Björg Ágústsdóttir formaður, HSH, Sigríður Sjöfn Helgadóttir og síðar Hallgrímur Sveinn Sveinsson frá UMSB, Stefán Skafti Steinólfsson, USK, Arnar Eysteinsson, UDN og Páll Vilhjálmsson HHF. Við framkvæmd viðburða naut SamVest-samstarfið liðsinnis fjölmargra annarra félagsmanna á starfssvæðinu.

Framkvæmdaráðið þakkar iðkendum, foreldrum og þjálfurum fyrir ötult starf og skemmtileg samskipti, sem og öllum samstarfs- og stuðningsaðilum.

Vefur SamVest er www.samvest.is

## Snæfellsnessamstarfið í knattspyrnu

Starfið er orðið nokkuð fast í hefðum og árið 2017 var nokkuð hefðbundið.

Um veturinn sendum við lið í flestum flokkum kk og kvenna frá 6.flokk og niður í 8.flokk á Njarðvíkurmót í janúar/febrúar, TM mót Stjörnunnar í apríl og Vís mót Þróttar í maí. Um sumarið var síðan mót fyrir 7.flokk kk á Akranesi, Norðurálsmótið. Telst það sem eitt af stóru mótunum fyrir strákaflokkana. Við áttum tvö lið og flestir voru í útilegu með foreldrum og skapaðist góð stemmning. Önnur stór mót í yngri flokkunum eru Símamótið fyrir kvennaflokka frá 5.-8.fl, TM mót í eyjum fyrir 5.fl kvenna, Orkumót í Eyjum fyrir 6.fl kk og N1 Mót á Akureyri. Við áttum lið á öllum þessum mótum og voru krakkarnir til fyrirmyndar og spilamennskan góð.

6.flokkar kvenna spilaði á pæjumóti KSÍ en komust ekki uppúr riðlinum þetta árið.
5.fl kk og kvenna spiluðu á Íslandsmóti í 8 manna bolta og voru strákarnir hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina.

Yfir veturinn sendum við 4.fl kk á Faxaflóamót þar sem spilað var reglulega allan veturinn. Hugsunin var að prufukeyra þetta með það í huga að gefa enn í ef vel tækist til. Þátttakan var mjög góð og var ákveðið að senda tvö lið til keppni á Íslandsmótinu sumarið 2017. Það er í fyrsta skiptið í sögu samstarfsins þar sem tvö 11 manna lið í sama aldursflokkinum hafa keppt á Íslandsmóti í yngri flokkum. 3. og 4.fl. kvenna spilaði á Íslandsmótinu í 11 manna bolta. Auk þess fór 4.flokkur kvenna í utanlandsferðina þetta árið, Barcelona SummerCup varð fyrir valinu. Um haustið var síðan árlega fótboltamaraþonið okkar þar sem árið er gert upp og nýjir flokkar taka við. Ávallt góður dagur og þar sést svo vel hversu gott foreldrastarf er á bak við starfið.

Um haustið hefst síðan það tímabil sem nú er í gangi en þessa dagana erum við með 3.fl karla og kvenna, 4.fl karla og 5.fl karla á Faxaflóamótinu. Það eru margir leikir og hafa umsvif samstarfsins aukist töluvert. Hingað til hefur gengið vel og þarf að hafa í huga að allir leikir eru leiknir að

heiman og akstur á foreldrum því töluverður. Það hefur ekki hindrað okkur en veðrið hefur leikið okkur grátt - en það kemur í pistli fyrir árið 2018 😉.

Það er okkar að halda áfram að hlúa að starfinu, aðstoða börnin okkar og veita þeim bestu mögulegu tækifæri til að ná árangri. Foreldrar eru gríðarlega mikilvægir í starfinu og án þeirra væri þetta ekki hægt. Höldum áfram að vilja gera betur, þannig náum við árangri sama hvernig við mælum hann.
Áfram Snæfellsnes!

# Úrslit frjálsíþróttamóta HSH

## Innanhússmót HSH - vor

Haldið í Stykkishólmi 7. maí 2017

| Strákar 8 ára og yngri | | 35. m hlaup |
|---|---|---|
| Arnar Rafnsson | Snæfell | 6,67 |
| Sölvi Freyr Gðumundsson | Snæfell | 6,72 |
| Þorvarður Daníel Einarsson | Snæfell | 7,22 |
| Victor Rurik | Vikingur/Reynir | 7,33 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 7,37 |
| Sindri Snær Hinriksson | UMFG | 7,37 |
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | Umfg | 7,40 |
| Samúel jón | Vikingur/Reynir | 7,41 |
| Daniel Wojciechowski | UMFG | 7,67 |
| Hallgrímur Örn Aðalsteinsson | UMFG | 7,90 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 8,20 |

| | | |
|---|---|---|
| Jón Svavar Þórðarson | Staðarsv | 8,50 |
| Aron Elvar Stefánsson | Snæfell | 8,59 |

Strákar 8 ára og yngri — Langstökk með atrennu

| | | |
|---|---|---|
| Sölvi Freyr Gðumundsson | Snæfell | 2.24 |
| Sindri Snær Hinriksson | UMFG | 2.14 |
| Victor Rurik | Vikingur/Reynir | 2 |
| Jón Svavar Þórðarson | Staðarsv | 1.97 |
| Daniel Wojciechowski | UMFG | 1.88 |
| Þorvarður Daníel Einarsson | Snæfell | 1.81 |
| Hallgrímur Örn Aðalsteinsson | UMFG | 1.79 |
| Samúel jón | Vikingur/Reynir | 1.72 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 1.69 |
| Arnar Rafnsson | Snæfell | 1.64 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 1.58 |
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | UMFG | 1.47 |
| Aron Elvar Stefánsson | Snæfell | 1.38 |
| Alexander | UMFG | 1.12 |

Strákar 8 ára og yngri — Langstökk án atrennu

| | | |
|---|---|---|
| Arnar Rafnsson | Snæfell | 1.5 |
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | Umfg | 1.41 |
| Sölvi Freyr Gðumundsson | Snæfell | 1.39 |
| Samúel jón | Vikingur/Reynir | 1.36 |

| | | |
|---|---|---|
| Victor Rurik | Vikingur/Reynir | 1.24 |
| Hallgrímur Örn Aðalsteinsson | UMFG | 1.23 |
| Jón Svavar Þórðarson | Staðarsv | 1.22 |
| Þorvarður Daníel Einarsson | Snæfell | 1.19 |
| Sindri Snær Hinriksson | UMFG | 1.09 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 1.02 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 1 |
| Daniel Wojciechowski | UMFG | 0.92 |
| Alexander | UMFG | 0.78 |

Stelpur ára og yngri 35. m hlaup

| | | |
|---|---|---|
| Emilía | Víking/Reynir | 6,41 |
| Alma Begic | Vikingur/Reynir | 6,81 |
| Sara Ýr | Vikingur/Reynir | 7,10 |
| Alexandra Björg Andradottir | UMFG | 7,12 |
| Margrét | Víking/Reynir | 7,21 |
| Birgitta ósk | Vikingur/Reynir | 7,22 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 7,29 |
| Alexandra Ásta Þrastardóttir | Snæfell | 7,30 |
| Ragna Egilsdottir | Vikingur/Reynir | 7,55 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 8,24 |
| Bjarndís Erla þrastardóttir | Snæfell | 8,64 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 8,76 |

Stelpur 8 ára og yngri Langstökk án atrennu

| | | |
|---|---|---|
| Emilía Sveinsdóttir | Víking/Reynir | 1.56 |

| | | |
|---|---|---|
| Alexandra Björg Andradottir | UMFG | 1.47 |
| Birgitta Ósk Snorradóttir | Vikingur/Reynir | 1.39 |
| Alexandra Ásta Þrastardóttir | Snæfell | 1.37 |
| Sara Ýr Birgisdóttir | Vikingur/Reynir | 1.36 |
| Margrét Arnbjörg | Víking/Reynir | 1.34 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 1.32 |
| Alma Begic | Vikingur/Reynir | 1.31 |
| Ragna Egillsdottir | Vikingur/Reynir | 1.14 |
| Bjarndís Erla þrastardóttir | Snæfell | 1.1 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 1.1 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 0.93 |

| Stelpur 8 ára og yngri | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Alexandra Björg Andradottir | UMFG | 2.71 |
| Sara Ýr | Vikingur/reynir | 2.62 |
| Alma Begic | Vikingur/Reynir | 2.46 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 2.46 |

| | | |
|---|---|---|
| Alexandra Ásta Þrastardóttir | Snæfell | 2.29 |
| Emilía | Víking/reyn | 2.27 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 1.88 |
| Ragna Egillsdottir | Vikingur/reynir | 1.86 |
| Birgitta ósk | Vikingur/reynir | 1.79 |
| Bjarndís Erla þrastardóttir | Snæfell | 1.51 |
| Margrét | Víking/reyn | 1.29 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 1.23 |

| Strákar 9 og 10 ára | | 35. m hlaup |
|---|---|---|
| Páll Hilmar Guðmundsson | UMFG | 6.3 |
| Mikael kári | Vikingur/reynir | 6.62 |
| Mikael Ingi Davíðsson | UMFG | 6.67 |
| Mikael Máni Hinriksson | UMFG | 6.82 |

| Strákar 9 og 10 ára | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Mikael kári | Vikingur/reynir | 1.59 |
| Páll Hilmar Guðmundsson | UMFG | 1.48 |
| Mikael Máni Hinriksson | UMFG | 1.37 |
| Mikael Ingi Davíðsson | UMFG | 1.18 |

| Strákar 9 og 10 ára | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Mikael kári | Vikingur/reynir | 2.94 |
| Páll Hilmar Guðmundsson | UMFG | 3.05 |
| Mikael Ingi Davíðsson | UMFG | 2.62 |
| Mikael Máni Hinriksson | UMFG | 2.76 |

| Stelpur 9 - 10 ára | | 35. m hlaup |
|---|---|---|
| Katrín Mjöll | Snæfell | 6.57 |
| Embla Rós Elvarsdóttir | Snæfell | 6.62 |
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Vikingur/Reynir | 6.64 |
| Svanfríður Dögg Michaelsd. | Vikingur/Reynir | 7.09 |
| Ragnheiður Emma Einarsdóttir | Snæfell | 7.26 |

| Stelpur 9 - 10 ára | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Katrín Mjöll | Snæfell | 1.42 |
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Vikingur/Reynir | 1.37 |
| Svanfríður Dögg Michaelsd. | Vikingur/Reynir | 1.3 |
| Elísa Viðar Guðmundsson | Snæfell | 1.27 |
| Ragnheiður Emma Einarsdóttir | Snæfell | 1.15 |

| Stelpur 9 - 10 ára | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Elísa Viðar Guðmundsson | Snæfell | 3.07 |
| Katrín Mjöll | Snæfell | 2.53 |

| | | |
|---|---|---|
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Vikingur/Reynir | 2.41 |
| Svanfríður Dögg Michaelsd. | Vikingur/Reynir | 2.24 |
| Ragnheiður Emma Einarsdóttir | Snæfell | 1.98 |

| Strákar 11 - 12 ára | | 35. m hlaup |
|---|---|---|
| Ísak Máni Guðjónsson | Víking/Reynir | 5.84 |
| Allan Purisevic | Víkngur/Reynir | 6.08 |
| Matthías Daði Gunnarsson | Vikingur/Reynir | 6.3 |
| Björn Óli Snorrason | Vikingur/Reynir | 6.4 |
| Jónas Óskarsson | Víking/Reynir | 6.4 |

| Strákar 11 - 12 ára | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Matthías Daði Gunnarsson | Vikingur/Reynir | 1.51 |

| Strákar 11 - 12 ára | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Ísak Máni Guðjónsson | Víking/Reynir | 3.78 |
| Matthías Daði Gunnarsson | Vikingur/Reynir | 3.53 |
| Allan Purisevic | Víkngur/Reynir | 3.19 |
| Jónas Óskarsson | Víkingur/Reynir | 2.94 |
| Björn Óli Snorrason | Vikingur/Reynir | 2.91 |

| | | |
|---|---|---|
| Strákar 15 ára og eldri | | 35. m hlaup |
| Sigurður Guðmundsson | Snæfell | 4.8 |
| | | |
| Strákar 15 ára og eldri | | Langstökk án atrennu |
| Sigurður Guðmundsson | Snæfell | 2.3 |
| | | |
| Strákar 15 ára og eldri | | Langstökk með atrennu |
| Sigurður Guðmundsson | Snæfell | 3.68 |

| | | |
|---|---|---|
| Stelpur 11 - 12 ára | | 35. m hlaup |
| Sara Egilsdottir | Vikingur/Reynir | 5.8 |
| Mónika Rán | Vikingur/Reynir | 5.82 |
| Bríet Elvan | Vikingur/Reynir | 6.46 |
| Anna Rakel | Vikingur/Reynir | 6.94 |
| Júlía Dröfn | Vikingur/Reynir | 7.22 |

| | | |
|---|---|---|
| Stelpur 11 - 12 ára | | Langstökk án atrennu |
| Mónika Rán | Vikingur/Reynir | 1.87 |

| | | |
|---|---|---|
| Briet elvan | Vikingur/Reynir | 1.72 |
| Sara Egilsdottir | Vikingur/Reynir | 1.66 |
| Júlía Dröfn | Vikingur/Reynir | 1.47 |

| Stelpur 11 - 12 ára | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Mónika Rán | Vikingur/Reynir | 3.24 |
| Briet elvan | Vikingur/Reynir | 2.96 |
| Anna Rakel | Vikingur/Reynir | 2.86 |
| Sara Egilsdottir | Vikingur/Reynir | 2.79 |
| Júlía Dröfn | Vikingur/Reynir | 2.17 |

| Stelpur 13 - 14 ára | | 35 m hlaup |
|---|---|---|
| Heiðrún Edda Pálsdóttir | Snæfell | 5,62 |
| Birta Sigþórsdóttir | Snæfell | 5,65 |
| Tinna Guðrún Alexandersdóttir | Snæfell | 5,68 |
| Aldís Gunnlaugsdóttir | Vikingir/reynir | 5,93 |
| Vaka Þorsteinsdóttir | Snæfell | 6,29 |

| Stelpur 13 - 14 ára | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Birta Sigþórsdóttir | Snæfell | 2.16 |
| Vaka Þorsteinsdóttir | Snæfell | 1.58 |
| Tinna Guðrún Alexandersdóttir | Snæfell | 2.13 |
| Heiðrún Edda Pálsdóttir | Snæfell | 1.8 |
| Aldís Gunnlaugsdóttir | Vikingir/reynir | 1.9 |

| Stelpur 13 - 14 ára | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Birta Sigþórsdóttir | Snæfell | 3.92 |
| Vaka Þorsteinsdóttir | Snæfell | 3.23 |
| Tinna Guðrún Alexandersdóttir | Snæfell | 4.07 |
| Heiðrún Edda Pálsdóttir | Snæfell | 3.61 |
| Aldís Gunnlaugsdóttir | Vikingir/reynir | 3.92 |

## Innanhússmót HSH - jólamót

haldið í Ólafsvík 25. nóvember 2017

| Pollar 8 ára og yngri | | 35 m hlaup |
|---|---|---|
| Ásgeir Veigar Sólbergsson | UMFG | 6.9 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 6.95 |
| Samúel Jón Samúelsson | Víkingur/Reynir | 6.95 |
| Daniel Wojchehowski | UMFG | 7.23 |
| Haukur Orri Heiðarsson | UMFG | 7.33 |
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | UMFG | 7.42 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 7.94 |

| Pollar 8 ára og yngri | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Samúel Jón Samúelsson | Víkingur/Reynir | 2.29 |

| | | |
|---|---|---|
| Ásgeir Veigar Sólbergsson | UMFG | 2.23 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 2.15 |
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | UMFG | 2.11 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 2.09 |
| Haukur Orri Heiðarsson | UMFG | 1.89 |
| Daniel Wojchehowski | UMFG | 1.79 |

| Pollar 8 ára og yngri | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Hans Bjarni Sigurbjörnsson | UMFG | 1.37 |
| Róbert Torfi Magnússon | UMFG | 1.35 |
| Samúel Jón Samúelsson | Víkingur/Reynir | 1.35 |
| Ásgeir Veigar Sólbergsson | UMFG | 1.32 |
| Haukur Orri Heiðarsson | UMFG | 1.26 |
| Benedikt Bjarni Þórðarson | UMFG | 1.23 |
| Daniel Wojchehowski | UMFG | 1.15 |

| Pæjur 8 ára og yngri | | 35 metra hlaup |
|---|---|---|
| Alexandra Björg Andradóttir | UMFG | 6.26 |
| Alma Begic | Víkingur/Reynir | 6.28 |
| Freydís Lilja Kristmundsdóttir | Víkingur/Reynir | 6.67 |
| Margrét Arnbjörg Vilhjálms. | Víkingur/Reynir | 6.7 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 6.8 |
| Zuzanna Kruczkowska | UMFG | 6.81 |
| Alexía Ósk Óskarsdóttir | Víkingur/Reynir | 6.94 |

| | | |
|---|---|---|
| Sunna Dögg Michaelsdóttir | Víkingur/Reynir | 7.09 |
| Erika Lillý Scheving | Víkingur/Reynir | 7.32 |
| Hrefna Jónsdóttir | Víkingur/Reynir | 7.62 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 7.78 |
| Álfey Tara Sindradóttir | Víkingur/Reynir | 8.21 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 8.46 |
| Særún Friðbjörnsdóttir | Víkingur/Reynir | 8.48 |
| Gabriela (ATH vantar uppl) | | 9 |

| Pæjur 8 ára og yngri | | Langstökk með atrennu |
|---|---|---|
| Alexandra Björg Andradóttir | UMFG | 2.93 |
| Alma Begic | Víkingur/Reynir | 2.79 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 2.56 |
| Margrét Arnbjörg Vilhjálms. | Víkingur/Reynir | 2.49 |
| Freydís Lilja Kristmundsdóttir | Víkingur/Reynir | 2.42 |
| Alexía Ósk Óskarsdóttir | Víkingur/Reynir | 2.4 |
| Sunna Dögg Michaelsdóttir | Víkingur/Reynir | 2.13 |
| Hrefna Jónsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.99 |
| Zuzanna Kruczkowska | UMFG | 1.8 |
| Erika Lillý Scheving | Víkingur/Reynir | 1.7 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 1.64 |
| Álfey Tara Sindradóttir | Víkingur/Reynir | 1.5 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 1.58 |
| Særún Friðbjörnsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.52 |
| Gabriela (ATH vantar uppl) | | 1.2 |

| Pæjur 8 ára og yngri | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|

| | | |
|---|---|---|
| Alexandra Björg Andradóttir | UMFG | 1.63 |
| Margrét Arnbjörg Vilhjálms. | Víkingur/Reynir | 1.52 |
| Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir | UMFG | 1.48 |
| Alma Begic | Víkingur/Reynir | 1.42 |
| Alexía Ósk Óskarsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.3 |
| Freydís Lilja Kristmundsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.29 |
| Zuzanna Kruczkowska | UMFG | 1.24 |
| Sunna Dögg Michaelsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.17 |
| Hrefna Jónsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.14 |
| Diljá Guðmundsdóttir | UMFG | 1.13 |
| Amanda Kolbrún Andradóttir | UMFG | 1.09 |
| Erika Lillý Scheving | Víkingur/Reynir | 1.03 |
| Álfey Tara Sindradóttir | Víkingur/Reynir | 1.01 |
| Særún Friðbjörnsdóttir | Víkingur/Reynir | 0.87 |

| Drengir 9 - 10 ára | | 35 metra hlaup |
|---|---|---|
| Ellert Gauti | Víkingur/Reynir | 5.67 |
| Páll Hilmar | UMFG | 6.04 |
| Erik Örn Atlason | Víkingur/Reynir | 6.66 |
| Jósep Dagur Magnússon | UMFG | 7.36 |

| Drengir 9 - 10 ára | | Langstökk án atrennu |
|---|---|---|
| Ellert Gauti | Víkingur/Reynir | 1.68 |
| Páll Hilmar | UMFG | 1.67 |
| Erik Örn Atlason | Víkingur/Reynir | 1.39 |

| | | |
|---|---|---|
| Jósep Dagur Magnússon | UMFG | 1.32 |

| | | |
|---|---|---|
| Drengir 9 - 10 ára | | Langstökk með atrennu |
| Páll Hilmar | UMFG | 2.88 |
| Ellert Gauti | Víkingur/Reynir | 2.66 |
| Erik Örn Atlason | Víkingur/Reynir | 2.51 |
| Jósep Dagur Magnússon | UMFG | 2.41 |

| | | |
|---|---|---|
| 9 - 10 ára stúlkur | | 35 metra hlaup |
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Víkingur/Reynir | 5.9 |
| Margrét Gísladóttir | Víkingur/Reynir | 6 |

| | | |
|---|---|---|
| 9 - 10 ára stúlkur | | Langstökk án atrennu |
| Margrét Gísladóttir | Víkingur/Reynir | 2.89 |
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Víkingur/Reynir | 1.45 |

| | | |
|---|---|---|
| 9 - 10 ára stúlkur | | Langstökk með atrennu |
| Bríet Sunna Gunnarsdóttir | Víkingur/Reynir | 2.84 |

| | | |
|---|---|---|
| Strákar 11 - 15 ára | | 35. m hlaup |
| Matthías Daði Gunnarsson | Víkingur/Reynir | 5.71 |
| Gunnar Jökull | UMFG | 5.83 |
| Allan Purisevic | Víkingur/Reynir | 5.95 |

| | | |
|---|---|---|
| Strákar 11 - 15 ára | | Langstökk án atrennu |
| Gunnar Jökull | UMFG | 1.97 |
| Matthías Daði Gunnarsson | Víkingur/Reynir | 1.82 |
| Allan Purisevic | Víkingur/Reynir | 1.73 |
| | | |
| Strákar 11 - 15 ára | | Hástökk |
| Gunnar Jökull | UMFG | 1.25 |
| Matthías Daði Gunnarsson | Víkingur/Reynir | 1.1 |
| Allan Purisevic | Víkingur/Reynir | 1.1 |
| | | |
| Stelpur 11 - 15 ára | | 35. m hlaup |
| Kolbrún Katla Halldórsdóttir | ÍM | 6.03 |
| | | |
| Stelpur 11 - 15 ára | | Langstökk án atrennu |
| Kolbrún Katla Halldórsdóttir | ÍM | 1.89 |
| | | |
| Karlar 16 ára og eldri | | 35. m hlaup |
| Kristófer Jónasson | Víkingur/Reynir | 7.78 |
| | | |
| Karlar 16 ára og eldri | | Langstökk án atrennu |
| Kristófer Jónasson | Víkingur/Reynir | 1.53 |

# Ársreikningur

# Ársreikningur 2017

**Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu.**
**kt 620169-5289**

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2017

| **1. Tekjur** | | **2017** | **2016** |
|---|---|---|---|
| 1.1 | Rekstrartekjur | 11,458,532 | 3,527,881 |
| 1.2 | Önnur framlög og styrkir | 2,558,732 | 2,890,860 |
| 1.3 | Aðrar tekjur | 235,000 | 248,000 |
| | **Tekjur alls** | **14,252,264** | **6,666,741** |

| **2. Gjöld** | | | |
|---|---|---|---|
| 2.1 | Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 2,249,702 | 2,015,617 |
| 2.3 | Kostnaður vegna íþróttastarfs | 6,788,921 | 3,021,293 |
| 2.4 | Annar rekstrarkostnaður | 1,638,354 | 1,766,713 |
| | **Gjöld alls** | **10,676,977** | **6,803,623** |
| **Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | **3,575,287** | **(136,882)** |
| 2.5 | Afskriftir fastafjármuna | 0 | 0 |
| 2.8 | Fjármunatekjur | 9,624 | 55,007 |
| 2.9 | Fjármagnsgjöld | (1,925) | (11,000) |
| | **Afskriftir og fjármagnsliðir alls** | **7,699** | **44,007** |
| **Tekjuafgangur (tekjuhalli)** | | **3,582,986** | **(92,875)** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

## 3. Eignir

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| 3.1 Skrifstofubúnaður | 1,132,944 | 1,132,944 |
| **Fastafjármunir samtals** | **1,132,944** | **1,132,944** |
| **Veltufjármunir** | | |
| 3.2 Vörubirgðir | 0 | 0 |
| 3.4 Skammtímakröfur | 0 | 0 |
| | 0 | 0 |
| 3.5 Handbært fé | 5,669,612 | 2,890,059 |
| **Veltufjármunir samtals** | **5,669,612** | **2,890,059** |
| **Eignir alls** | **6,802,556** | **4,023,003** |

## 4. Skuldir og eigið fé

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| 4.1 Eigið fé í ársbyrjun | (1,633,462) | (1,540,587) |
| 4.2 Hagnaður (tap) ársins | 3,582,986 | (92,875) |
| **Eigið fé samtals** | **1,949,524** | **(1,633,462)** |
| **Langtímaskuldir** | | |
| 4.3 Veðskuldir | 0 | 0 |
| 4.4 Aðrar langtímaskuldir | 0 | 0 |
| **Langtímaskuldir samtals** | **0** | **0** |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| 4.5 Skuld við félagasamtök | 4,853,032 | 3,207,522 |
| 4.6 Skuld við lánastofnanir | 0 | 0 |
| 4.8 Aðrar skammtímaskuldir | 0 | 0 |
| | 4,853,032 | 3,207,522 |
| 4.8 Afborganir af langtímaskuldum | 0 | 0 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | **4,853,032** | **3,207,522** |
| **Skuldir og eigið fé alls** | **6,802,556** | **1,574,060** |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2017

| Rekstrarhreyfingar: | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 3,582,986 | (92,875) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Verðbætur af langtímaskuldum | 0 | 0 |
| Afskriftir | 0 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri** | **3,582,986** | **(92,875)** |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | |
| Vörubirgðir lækkun, (hækkun) | 0 | 0 |
| Skammtímakröfur lækkun, (hækkun) | 0 | 0 |
| Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun) | 1,645,510 | (255,140) |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | **1,645,510** | **(255,140)** |
| **Handbært fé frá rekstri** | **5,228,496** | **(348,015)** |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | |
| Kaup á fastafjármunum | | |
| Aðrar fjárfestingahreyfingar | | 0 |
| **Fjárfestingahreyfingar alls** | **0** | **0** |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Tekin ný langtímalán | 0 **0** | 0 |
| Afborganir af langtímalánum | 0 | 0 |
| Aðrar fjármögnunarhreyfingar | 0 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar alls** | **0** | **0** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | **5,228,496** | **(201,719)** |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | **(274,972)** | **(73,253)** |
| **Handbært fé í árslok** | **4,953,524** | **(274,972)** |

# Skýringar og sundurliðanir

## Sundurliðun tekna 2017

| | | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **1.1** | **Rekstrartekjur** | | |
| 1.1.1 | Lottó ÍSÍ | 2,986,896 | 2,583,672 |
| 1.1.2 | Lottó UMFÍ | 8,254,692 | 699,004 |
| | Getraunir | 216,944 | 245,205 |
| | **Rekstrartekjur** | **11,458,532** | **3,527,881** |
| **1.2** | **Önnur framlög og styrkir** | | |
| 1.2.1 | Styrkur frá Héraðsnefnd | 1,500,000 | 1,500,000 |
| 1.2.2 | Útbreiðslustyrkir ÍSÍ | 368,732 | 434,330 |
| 1.2.3 | Mótteknir styrkir, UMFÍ fræðslusjóður | | 0 |
| 1.2.4 | Skattur aðildarfélaga | | |
| 1.2.5 | Styrkur frá Ríki vegna íþróttahéraða | | |
| 1.2.6 | Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum | 420,000 | 656,530 |
| 1.2.7 | Styrkir vegna Samvest | 270,000 | 300,000 |
| | **Önnur framlög og styrkir** | **2,558,732** | **2,890,860** |
| **1.3** | **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| 1.3.1 | Seldur íþróttafatnaður | | 0 |
| 1.3.2 | Seldar aðrar vörur | 235,000 | 248,000 |
| 1.3.3 | Endurseld vinna | 0 | 0 |
| 1.3.4 | Aðrar rekstrartekjur | 0 | |
| | **Aðrar rekstrartekjur** | **235,000** | **248,000** |

## Sundurliðun gjalda

| | | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **2.1** | **Skrifstofu og stjórnunarkostnaður** | | |
| 2.1.1 | Laun | 465,000 | 420,000 |
| 2.1.2 | Mótframlag í lífeyrissjóð | 37,200 | 33,600 |
| 2.1.3 | Tryggingagjald | 62,502 | 45,973 |
| 2.1.4 | Dagpeningar | 1,257,000 | 1,110,420 |
| 2.1.5 | Bifreiðastyrkir | 428,000 | 405,624 |
| 2.1.6 | Önnur launatengd gjöld | | 0 |
| | **Skrifstofu og stjórnunarkostnaður** | **2,249,702** | **2,015,617** |
| **2.3** | **Kostnaður vegna íþróttastarfs** | | |
| 2.3.1 | Verðlaun | 170,287 | 149,484 |
| 2.3.2 | Ferðakostnaður, gisting og uppihald | 426,100 | 310,530 |
| 2.3.3 | Þátttökugjöld | 181,335 | 225,471 |
| 2.3.4 | Lottó til aðildarfélaga | 4,853,032 | 1,174,014 |
| 2.3.5 | Unglingalandsmót | 383,124 | 329,754 |
| 2.3.6 | Keyptar íþróttavörur og búningar | 261,920 | 133,708 |
| 2.3.7 | Veittir styrkir og viðurkenningar vegna íþróttastarfs | 89,600 | 82,500 |
| 2.3.8 | Kostnaður við Jökulmíluna og annar kostnaður | 224,300 | 258,762 |
| 2.3.3 | Íþróttastarf Samvest | 199,223 | 357,070 |
| | **Kostnaður vegna íþróttastarfs** | **6,788,921** | **3,021,293** |

### 2.4 Annar rekstrarkostnaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.4.1 | Rekstur skrifstofu | | 0 |
| 2.4.2 | Sími og burðargjöld | 93,920 | 114,041 |
| 2.4.3 | Kostnaður vegna funda og námskeiða | 555,955 | 594,816 |
| 2.4.4 | Reikningsleg aðstoð | | 0 |
| 2.4.5 | Pappír, ritföng, prentun og prentun ársskýrslu | 50,316 | 40,499 |
| 2.4.6 | Auglýsingar og styrkir | 202,777 | 126,921 |
| 2.4.7 | Áskrift | | |
| 2.4.8 | Viðhald áhalda | 190,459 | 123,276 |
| 2.4.9 | Tryggingar | 12,446 | 12,512 |
| 2.4.10 | Kaffikostnaður og risna | 90,933 | 121,570 |
| 2.4.11 | Félagsgjöld UMFÍ | | |
| 2.4.12 | Sjúkrakostnaður | 0 | 0 |
| 2.4.13 | Rekstur bifreiðar | 0 | 0 |
| 2.4.14 | Námskeið | 185,755 | 238,706 |
| 2.4.15 | Tölvukostnaður og internet | 114,504 | 162,090 |
| 2.4.16 | Þjónustugjöld og bankakostnaður | 4,302 | 3,572 |
| 2.4.17 | Önnur gjöld | 136,987 | 228,710 |
| | **Annar rekstrarkostnaður** | **1,638,354** | **1,766,713** |

## Sundurliðun efnahags

| | | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **3.1** | **Skrifstofubúnaður** | | |
| 3.1.1 | Stofnverð í ársbyrjun | 571,502 | 571,502 |
| 3.1.2 | Afskrifað áður | 561,442 | 561,442 |
| 3.1.3 | Afskrifað á árinu | 0 | 0 |
| 3.1.4 | Annað | 0 | 0 |
| | **Skrifstofubúnaður** | **1,132,944** | **1,132,944** |

### Veltufjármunir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **3.2** | **Vörubirgðir** | | |
| 3.2.1 | Búningabirgðir | 0 | 0 |
| 3.2.2 | Verðlaunapeningar | 0 | 0 |
| | | **0** | **0** |
| **3.4** | **Viðskiptakröfur** | | |
| 3.4.1 | UMFÍ vegna Lottó í desember | 0 | 0 |
| 3.4.2 | Íslenskar getraunir | 0 | 0 |
| 3.4.3 | Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur | 0 | 0 |
| | **Viðskiptakröfur** | **0** | **0** |

**Handbært fé**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **3.5** | Landsmótssjóður | 0 | 0 |
| **3.9** | Bankainnstæður og sjóðir (0309-26-5452 og 0191-15-370322) | 9,584,818 | 2,890,059 |
| | **Handbært fé** | **9,584,818** | **2,890,059** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **4.1** | **Endurmatsreikningur** | | |
| 4.1.1 | Endurmatsreikningur 1/1 | 0 | 0 |
| 4.1.2 | Endurmat ársins | 0 | 0 |
| | **Endurmatsreikningur 31/12** | **0** | **0** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **4.2** | **Óráðstafað eigið fé** | | |
| 4.2.1 | Óráðstafað eigið fé 1/1 | -2,279,850 | -2,186,975 |
| 4.2.2 | Rekstrarafkoma ársins | 3,582,986 | -92,875 |
| | **Óráðstafað eigið fé 31/12** | **1,303,136** | **-2,279,850** |
| | | | |
| | **Skuldir** | | |
| **4.3** | Veðskuldir | 0 | 0 |
| **4.4** | Aðrar langtímaskuldir | 0 | 0 |
| **4.5** | Skuld við aðildarfélög vegna Lottó | 4,853,032 | 3,207,522 |
| **4.6** | Skuldir við lánastofnanir | | 0 |
| **4.7** | Næsta árs afborganir | 0 | 0 |
| **4.8** | Aðrar skammtímaskuldir (Ógr lífeyrissjóður og tryggingagjald) | 0 | 0 |
| | **Skuldir samtals** | **4,853,032** | **3,207,522** |

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS